

SHALDOR
skoðun 14



2 SÉRBLÖÐ
í Fréttablaðinu
Fólk
Fasteignir.is



Besta gróður moldin
Ingibjörg Steingrimsdóttir hefur
lagt stund á moltugerð í 30 ár
og segir það ekkert mál.
Fólk 2



FRÉTTABLAÐIÐ

Mánudagur

21. maí 2012
118. tölublað 12. árgangur
Sími: 512 5000

MEST LESNA
DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

*Samkvæmt þeimfréttaskýrslu Capacent Gallup í maí - mars 2012



Sýnir á Strawberries

Trans eftir Sigtrygg Magnason verður frumsýnt í kvöld á skemmtistaðnum Strawberries.

menning 20

Steinn Steinarr fundinn

Leikarinn Nick Stahl, sem leikur Stein Steinarr í væntanlegri mynd, er fundinn.

popp 23




Á áfram á sigurbraut

Varamenn ÍA halda áfram að tryggja nýliðunum sigra í Pepsi-deildinni.

Sport 26

veðrið í dag



NOKKUD BJART vestan og norðan til fram eftir degi en fer að rigna á Austur- og Suðausturlandi. Hiti á bilinu 5 til 14 stig, mildast suðvestanlands.

VEÐUR 4

Ráðum ekki við flóð hælisleitenda hingað

Engin viðbragðsáætlun er til staðar komi stór hópur hælisleitenda til landsins. Umræðan um málaflökkinn er frumstæð, segir forstjóri Útlendingastofnunar.

STJÓRNSÝSLA „Við gætum líka fengið svona sprengju og við erum engan veginn í stakk búin fyrir það,“ segir Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, um þann möguleika að stór hópur hælisleitenda komi til landsins á stuttum tíma eins og dæmi eru um í nágrannalöndum okkar.

„Þá þyrfti að virkja almannavarnakerfið, opna skóla og fleira slíkt.“ segir Kristín.

Í viðtali við Fréttablaðið segir Kristín að ekki sé fyrir hendi nein viðbragðsáætlun ef stór hópur útlendinga leitar hingað á stuttum tíma og sækir um hæli. Það verði að vera til húsnæði og þjálf-

Þá þyrfti að virkja almannavarnakerfið, opna skóla og fleira slíkt.

KRISTÍN VÖLUNDARDÓTTIR
FORSTJÓRI ÚTLENDINGASTOFNUNAR

aður hópur fólks sem getur leyst úr slíkri stöðu.

Kristín bendir á að í dag fái 55 til 60 prósent þeirra sem þess æskja hæli eftir efnislega meðferð mála þeirra. Fyrir áratug voru það aðeins fimm til tíu prósent sem fengu hæli.

Málefni hælisleitenda komust í

hámæli í byrjun maí þegar tveir ungir menn voru dæmdir fyrir að koma hingað með fölsuð skilríki og voru í kjölfarið fangelsaðir. Slíkt er ekki gert annars staðar í Evrópu.

Kristín bendir á að víða sé til svokölluð lokuð vistun, en þá er til staðar húsnæði ekki ósvipað því sem nýtt er þegar einstaklingur er í gæsluvarðhaldi. Slíkt úrræði er aðkallandi hér á landi, að sögn Kristínar sem er þeirrar skoðunar að umræða um málefni hælisleitenda hér á landi sé frumstæð og að stjórn málaflökkar þurfi að marka sér stefnu í málaflökknum.

- þeb / sjá síðu 10

Danir óðir í galla Karls: Í útrás með heilgallana

TÍSKA Karl Garðarsson, eigandi fyrirtækisins Weezo, selur samfestinga fyrir fulloröna.

Gallarnir hafa notið mikilla vinsælda hér á landi en Karl hefur selt um 3.000 stykki síðan í fyrrasumar. Í mars keypti Karl auglýsingar fyrir Weezo-samfestingana á Facebook í Danmörku og viðtökurnar hafa ekki látið á sér standa.

„Nú höfum við selt 7-800 galla til útlanda og eru Danirnir okkar helstu kúnnar. Það er miklu meira en við bjuggumst við og sýnir bara mátt samskiptasíðunnar og netsins,“ segir Karl.



KARL GARÐARSSON

- áþ / sjá síðu 30



STRANDLÍF Þessir krakkar undu hag sínum vel á ylströndinni í Nauthólsvík í gær. Spáð er mildu en vætusömu veðri sunnanlands næstu daga en fyrir norðan og austan er gert ráð fyrir bongóblíðu þegar nær dregur Hvítasunnuhelginni.

FRÉTTABLAÐIÐ VALLI

Þingmaður Hreyfingarinnar telur að ekki náist saman um skuldamála heimila:

Svartsýn á stuðning við stjórn

STJÓRNMÁL Ekki ríkir mikil bjartsýni hjá Hreyfingunni um að náist saman með ríkisstjórninni. Þingmenn hennar hafa, að eigin ósk, fundað með forsvarsmönnum ríkisstjórnarinnar um að styðja hana í ákveðnum málum gegn því að fá sín helstu stefnumál í gegn.

„Þetta hefur ekki verið til lykta leitt og ég er ekki mjög bjartsýn á að við náum saman um skuldamála heimilanna,“ segir Margrét

Tryggvadóttir, þingmaður Hreyfingarinnar. „Það þýðir ekki að við munum birtast með vantrauststillögu á morgun eða hinn, því við höfum alltaf unnið málefnalega.“

Heimildir Fréttablaðsins úr stjórnarflokkunum herma að einmitt þar standi hnífurinn í kúnni. Viðræður um önnur mál, svo sem rammaáætlun, veiðigjald og stjórnarskrána, hafi gengið vel.

Margrét staðfestir að samhljóms-

ur sé á milli Hreyfingarinnar og stjórnarflokkanna í stjórnarskrármálinu. Þá styðji Hreyfingin frumvarp um veiðigjald, þó hún sé ósátt við frumvarp um fiskveiðistjórn.

„Þau mál eru nú ekki komin það langt að farið sé að ræða einstakar lausnir. Það hefði hins vegar verið ljómandi fínt ef flokkarnir stæðu við kosningaloforð sín um fyrningaleið og að kalla kvótann markvisst inn.“

- kóp



SÉRVERKEFNI

- Teppahreinsun
- Steintepparíf
- Parkethreinsun
- Bónvinna

www.iss.is



Skagfirskur sveitabiti
Mýksti brauðosturinn á markaðnum.
Fánlegur 26% og 17%.
NÝJUNG

20-50% afsláttur
Kringlan
Kringlukast
Síðasti dagurinn
Opíð 10-18.30
Nýtt kortatímabil



Hildur, ideo þið í skinninu að fá ykkur fleiri húðflúr?

„Nei, mér finnst fólk með tattú ógeðslegt.“

Hildur Sif Kristborgardóttir og vinkonur hennar segja að eftir að fólk hafi einu sinni fengið sér húðflúr sé ekki aftur snúið; það vilji bara fleiri og fleiri.



BROTID HJÓLASTELL 190 manns voru um borð þegar öxull brotnaði undan þotunni árið 2001.

Hjólið sem féll af Orlando-vél:

Öxull brotnaði af sömu þotu

ÖRYGGISMÁL Þotan sem missti eitt hjóla sinna við flugtak frá Keflavík á föstudag hefur áður orðið fyrir skakkaföllum. Þann 28. júní 2001 brotnaði öxull undan hægra hjólastellinu að aftan þar sem þotan stóð við flugstöðina í Kastrup.

Atvikið varð rétt áður en aka átti þotunni með 190 manns um borð út á braut til flugtaks. Rannsóknarnefnd flugslysa í Danmörku komst að þeirri niðurstöðu að öxullinn hefði brotnað vegna tæringar í málmhólki. Samkvæmt upplýsingum frá Icelandair var í kjölfarið farið ítarlega yfir hjólabúnað annarra véla félagsins. Hjólið sem datt af þotunni á föstudag var á vinstra hjólastellinu. - gar

Umferðarslys í Skorradal:

Öldruð kona lést í bílslysi

SLYS Banaslys varð á malarvegnum á milli Indriðastaða og Hreppsplaugar í Skorradal um klukkan þrjú á laugardag þegar jeppingur valt. Öldruð hjón voru í bílnum og var ökumaðurinn, konan, úrskurðuð látin á slysstað.

Maðurinn var fluttur með þyrlu Landhelgisgæslunnar til Reykjavíkur. Hann mun ekki talinn alvarlega slasaður. Ekki er unnt að greina frá nafni hinnar látnu. - kg

Karlmaður fluttur með þyrlu á sjúkrahús eftir að hafa fallið við eggjatöku í Aðalvík á Hornströndum:

Hélt meðvitund þrátt fyrir hátt fall

SLYS Karlmaður slasaðist þegar hann féll tíu til tuttugu metra þar sem hann var við eggjatöku í Aðalvík á Hornströndum í gær. Mikill viðbúnaður björgunarsveita og Landhelgisgæslu var vegna slyssins en maðurinn var fluttur með þyrlu Gæslunnar á Landspítalann í Fossvogi.

Slysavarnafélagið Landsbjörg fékk tilkynningu um slysið klukkan hálf fjögur í gær og voru björgunarsveitir á norðanverðum Vestfjörðum þegar kallaðar út. Björgunarskip hélt á slysstað frá Ísafirði ásamt björgunarbát. Þyrlan var komin á slysstað um sexleytið en með henni fóru sérhæfðir fjallabjörgunarmenn vestur.

Jóhann Ólafsson, formaður Björgunarsveitar Ísafjarðar, segir að maðurinn hafi fallið tíu til tuttugu metra en lent á klettasyllu um 25 metra hæð yfir sjó. Segir Jóhann lítið vera af slíkum slyllum í hlíðinni en víðast þverhnipt niður í fjöru.

Eftir að búíð hafði verið um manninn í bjarginu var hann látinn síga niður í slöngubát sem flutti hann um borð í björgunarskipið sem fór til móts við þyrluna sem beið. Þyrlan kom með manninn til Reykjavíkur á áttunda tímanum.

Maðurinn er sagður hafa slasast á baki en hann hélt meðvitund þrátt fyrir hátt fall.

- shá



TF-GNÁ Flutti manninn á Landspítalann í Fossvogi í gærkvöldi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Hitabylgja í spánni fyrir Hvítasunnuna

Veðurstofan gerir ráð fyrir tuttugu stiga hita og sól í heiði á Norðrausturlandi þegar Hvítasunnuhelgin gengur í garð. Milt verður í veðri en vætusamt í öðrum landshlutum segir veðurfræðingur. Spáin grundvallast á öflugri sunnanátt.

VEÐUR „Þetta lítur mjög vel út hvað varðar hita á norðan- og austanverðu landinu,“ segir Einar Magnús Einarsson, veðurfræðingur á Veðurstofu Íslands.

Samkvæmt veðurspám mun verulega fara að hlýna á Norðrausturlandi á miðvikudag og fram á Hvítasunnuhelgina sem er fyrsta stóra ferðahelgi ársins. Spáin í gærkvöldi sýndi að í hádeginu á laugardag verði hitinn 23 stig á Egilsstöðum. Ekki spillir fyrir að heiðskirt verður og hægur vindur.

Einar segir ástæðuna fyrir komandi hlýindum vera „bullandi“ sunnanátt. „Þá fáum við hlýtt loft yfir landið sem síðan þrýstist niður á norðanverðu landinu,“ segir hann.

Spáð er að á miðvikudaginn verði orðið hlýtt á Norðurlandi. Til dæmis er spáð níttján stiga hita og léttskýjuðu á Húsavík þann dag. Síðan er útlit fyrir að hitinn verði á bilinu átján til tuttugu stig dagana þar á eftir meira og minna frá Akureyri og austur á Hérað.

„Á miðvikudag má búast við hita að minnsta kosti langleiðina upp í tuttugu gráður á Norðrausturlandi. Ég myndi veðja á að hitahámörkin verði í Ásbyrgi og á Vopnafirði. Og síðan á Héraði á laugardag og sunnudag þegar vindurinn er orðinn vestanstaðari,“ segir Einar.

Að sögn Einarar fylgir hlýindunum bjartviðri á Norðurlandi meira og minna frá því um eftirmiðdaginn á miðvikudag fram á laugardag. Sunnanáttin verði ákveðin, á bilinu fimm til þrettán metrar á sekúndu en jafnvel



Í NAUTHÓLSVÍK Hitinn í Reykjavík lyfti sér yfir tíu gráðurnar í sólinni í gær og höfuðborgarbúar nýttu sér blíðviðrið til að bregða á leik á ylströndinni í Nauthólsvík. Væutíð er þó framundan syðra á meðan norðaustanlands stefnir í sól og hita frá miðvikudegi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Ég myndi veðja á að hitahámörkin verði í Ásbyrgi og á Vopnafirði.

EINAR MAGNÚS EINARSSON
VEDURFRÆÐINGUR

hægari vindur sums staðar. Spá Veðurstofunnar nær ekki enn yfir alla Hvítasunnuhelgina. „En mér sýnist ekkert vera að breytast í spánni á sunnudaginn. Það eru

meiri líkur en minni á að spáin rætist,“ segir Einar.

Í öðrum landshlutum en á Norðrausturlandi verður tiltölulega milt veður en vætusamt frá og með morgundeginum. „Það er rigning víða um land á þriðjudaginn og framan af miðvikudegi en síðan má búast við rigningu eða súld með köflum sunnan- og vestanlands,“ segir Einar Magnús Einarsson. gar@frettabladid.is

Sigmund Jóhannsson látinn

Uppfinningamaðurinn og teiknarinn Sigmund Jóhannsson Baldvinsen lést í gær, 81 árs að aldri, eftir erfið veikindi. Sigmund teiknaði skopmyndir fyrir Morgunblaðið í 44 ár við góðan orðstír.



Sigmund fæddist 22. apríl 1931 í Nor-egi. Faðir hans var íslenskur en móðir hans norsk. Þriggja ára gamall flutti Sigmund til Íslands. Hann var búsettur í Vestmannaeyjum og var í janúar síðastliðnum valinn Eyjamaður ársins 2011. Sigmund lætur eftir sig eigin konu, Helgu Ólafsdóttur, og þrjá syni, þá Ólaf Ragnar, Hlyn og Björn Braga.

Mikill viðbúnaður lögreglu:

Leiðtogafundur NATO hafinn

BANDARÍKIN Mikill viðbúnaður lögreglu var við upphaf leiðtogafundar NATO í Chicago í Bandaríkjunum í gær. Jóhanna Sigurðardóttir forsætisráðherra situr fundinn ásamt meira en fimmtíu þjóðhöfðingjum.

Meginmálefni fundarins verður að teikna upp tímatöflu fyrir brotthvarf herafla frá Afganistan en NATO býr sig nú undir að afhenda afgönskum stjórnvöldum yfirráð í landinu í lok árs 2014. Barack Obama, Bandaríkjaforseti, varaði í gær við „erfiðum dögum framundan“ í landinu. Hamid Karzai, forseti Afganistan, segir land sitt gera sér fulla grein fyrir ábyrgð sinni.

Mikið tjón er kviknaði í Lárúhúsi á Seyðisfirði í gærkvöld:

Veitingastaðurinn Frú Lára brunninn

LÖGREGLUMÁL Lárúhús á Seyðisfirði er mikið skemmt eftir eldsvoða í gærkvöldi.

Aðeins eigandi veitingahússins Frú Lára, Eyþór Þórisson, var á staðnum sem var lokaður þegar eldurinn kom upp í hinu gamla timburhúsi. Hvorki hann né aðra sakaði. Tilkynnt var um eldinn um klukkan hálfátta. Slökkilið bæjarins kom skjótt á vettvang. Um klukkan hálf ný barst liðsáuki frá Egilsstöðum en þá höfðu heimamenn náð tökum á ástandinu að sögn Hjalta Axelssonar varðstjóra hjá lögreglunni.

„Þarna eru timburhús allt í kring en sem betur fer náði eldurinn ekki að ógna þeim,“ segir Davíð Kristinsson á Hótel Öldunni.

„Húsið er mikið skemmt og jafnvel ónýtt,“ segir Hjalta sem kveður Eyþór, eiganda Frú Lára, ekki hafa gert sér grein fyrir upptökum



FRÚ LÁRA Miklar skemmdir urðu á Frú Lára í eldsvoða í gærkvöldi. MYND/DANIEL ÖRN GÍSLASON

eldsins. „Hann varð bara var við að brunakerfið fór í gang og svo varð allt fullt af reyk. Hann fór bara þá

leið út þar sem hann þurfti ekki að fara í gegn um reykinn.“

Ekki náðist í Eyþór í gær. - gar

Afbragðs
þjónusta ef þú
vilt heyra meira



HEYRNARSTÖÐIN

Kringlunni • Sími 568 7777 • heyrnarstodin.is

ÓKEYPIS
HEYRNAR-
MÆLING!

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!



HTC Wildfire S
3.690 kr. í 12 mán.
39.990 kr. stgr.

500 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!



Samsung Galaxy Y
2.290 kr. í 12 mán.
24.990 kr. stgr.

Snjallir hjá Nova!

1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!



Samsung Galaxy S II
5.690 kr. í 18 mán.
89.990 kr. stgr.



1.000 kr. notkun á mán. í 12 mán. fylgir þessum farsíma!



HTC Desire S
3.790 kr. í 18 mán.
59.990 kr. stgr.

Stærsti skemmtistaður í heimi!



Verslanir Nova eru í Kringlunni, Smáralind, Lágmúla, Miðgarði Selfossi og á Glerártorgi Akureyri
Þjónustuver 519 1919 | www.nova.is | m.nova.is | Facebook | Twitter

Simnotkun fylgir með 0 kr. Nova í Nova og Eitt verð í alla, áskrift og frelsi.
Mánaðarleg afbörgun greidd með kreditkort + 325 kr./mán. greiðslugjald. Það er ódýrara að staðgreiða og þá þarf ekki kreditkort.

GENGIÐ 18.05.2012

GJALDMÍDLAR	KAUP SALA	
Bandaríkjadalur	127,73	128,33
Sterlingspund	201,80	202,78
Evra	162,05	162,95
Dönsk króna	21,799	21,927
Norsk króna	21,313	21,439
Sænsk króna	17,775	17,879
Japanskt jen	1,6085	1,6179

SDR 194,63 195,79

GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR
224,0173

HEIMILD: Seðlabanki Íslands



Í SVARFADARDAL Taka á mól úr áreyrum og sjálfri Svartafárdalsá.

Treysta að veiði spillist ekki: Malarnám leyft í Svartafárdalsá

UMHVERFISMÁL Bæjarstjórn Dalvíkurbyggðar heimilar að teknir verði þrjú þúsund rúmmetrar af mól úr Svartafárdalsá í Eyjafirði. Malartakan verður vestan Búrfellsár. Þetta er gert með samþykki landeigenda Búrfells og Veiðifélags Svartafárdalsá.

Stangaveiðifélag Akureyrar er umboðsaðili fyrir Svartafárdalsá og sér sem slíkur um sölu veiðileyfa í þessa sjóbleikjuþerlu fyrir veiðifélag landeigendanna. „Við treystum á að ákvörðun landeigenda, veiðifélagsins og umhverfisráðs taki mið af að spilla veiðiskilyrðum árinna sem minnst,“ segir Guðrún Una Jónsdóttir, formaður Stangaveiðifélagsins. -gar

Steingrímur hafnaði boði AGS:

Boðið að „taka við“ Grikklandi

EFNAHAGSMÁL Steingrímur J. Sigfússon, efnahags- og viðskiptaráðgjafi, hafnaði boði um að gerast sérstakur fjármálastjóri á vegum Alþjóðagjaldeyrissjóðsins í Grikklandi.

Steingrímur sagði frá þessu í Silfri Egils í gær. Hann sagðist hafa verið staddur á fundi AGS í Washington þegar hann var spurður hvort hann væri til í að „taka við“ Grikklandi í sex mánuði. -kg

Svipaðar tölur hjá Akureyrarbæ um ráðningar í sumarafleysingar milli ára:

40 prósent fá ekki sumarstarf

AKUREYRI Akureyrarbær hafnaði rúmlega 40 prósentum umsækjenda um sumarstörf hjá bænum í fyrra og er útlit fyrir að hlutfallið verði svipað í ár.

Í fyrrasumar voru ráðnir 430 einstaklingar í sumarafleysingar en alls sóttu 719 aðilar um auglýst störf. Flest eru störfin í þjónustu við fatlaða og aldraða. Sérstök átaksverkefni fyrir atvinnulausa eru ekki meðtalin í tölunum.

Akureyrarbær sótti um heimild til ráðningar námsmanna í gegn um átak í samvinnu við vinnu- málaflokkun og velferðarráðu-



AKUREYRI Akureyrarbær hefur efnt til ýmissa átaksverkefna fyrir unga atvinnulausa.

FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

neytið og var úthlutað af vinnu- málaflokkun heimild til ráðningar 30 námsmanna í tvo mánuði hvern.

Halla Margrét Tryggvadóttir, starfsmannastjóri Akureyrarbæjar, segir bæinn auk þess leitast við að ráða atvinnuleitendur með bótarétt á aldrinum 18 til 25 ára til starfa í gegn um umrætt átak með svipuðum hætti og gert var í fyrrasumar.

„Við gerum okkur vonir um að geta ráðið nokkra tugi atvinnuleitenda með bótarétt í gegnum átakið í samvinnu við vinnu- málaflokkun,“ segir Halla. Enn er verið að taka við umsóknunum og því liggur ekki fyrir hversu margir umsækjendurnir verða. -sv

Áhætta bæjarsjóðs sögð í lægsta þrepi

Bæjarstjórinn í Fjallabyggð segir mikinn uppgang hafa verið á Siglufirði með umsvifum ferðapjónustufyrirtækisins Rauðku og tilkomu Héðinsfjarðarganga. Nýtt samkomulag við Rauðku muni enn frekar treysta stöðir byggðarlagsins.

ATVINNUMÁL „Þetta er náttúrulega alveg þrælmagnað,“ segir Sigurður Valur Ásbjarnarson, bæjarstjóri í Fjallabyggð, um uppganginn á Siglufirði frá því Héðinsfjarðargöng voru opnuð og eftir tilkomu ferðapjónustu- og veitingafyrirtækisins Rauðku.

Sigurður segir að mesta aukningin á ferðamönnum á landinu í fyrra hafi verið á Siglufirði og við Dettifoss. „Héðinsfjarðargöngin hafa haft feykilega mikið aðdráttarafl,“ segir bæjarstjórinn. Einnig vegi þungt feykileg uppbygging á vegum Rauðku ehf., félags í eigu Róberts Guðfinnssonar athafnamanns.

Eins og fram kom í Fréttablaðinu á þriðjudag hafa bæjaryfirvöld og Rauðka gert samkomulag um framtíðaruppbyggingu. Rauðka leggur 300 milljónir króna í sjálfseignarstofnun sem eiga mun skíðasvæðið og golfvöllinn á Siglufirði. Sveitarfélagið setur núverandi mannvirki inn í sjálfseignarstofnunina. Rauðka fær lóð undir hótél sem áætlað er að kosti um 900 milljónir króna að reisa. Áður mun Rauðka hafa lagt 600 milljónir í lagfæringar á húsum við höfnina.

„Þetta er hrein og klár vítamín- sprauta inn í allt atvinnulífið því hér eru allir iðnaðarmenn á fullu í að endurbæta þessi hús. Svo hefur þetta smitað frá sér út í samfélagið því það er verið að taka hér önnur eldri hús algerlega í gegn þannig að bæjarmyndin er að breytast mikið,“ segir Sigurður sem kveður hagsmunum í þessu fara saman á mörgum sviðum.



SIGLUFJÖRÐUR Bæjarstjórinn á Siglufirði segir félksfækkun á Siglufirði hafa stöðvast og síðan snúist við eftir að Héðinsfjarðargöngin opnuðu Siglufirðingum leið til Eyjafjarðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/FRIDRIK

Sigurður bendir á að til þess að skapa nýju hóteli grundvöll þurfi eitthvað til að draga gesti að. Þess vegna leggi Róbert Guðfinnsson mikla áherslu á skíðaíþróttina og vilji gerbreyta aðstöðu til iðkunar hennar. Svipað gildi um golfvöllinn. Sjálf hafi bæjarfélagið ekki efni á að leggja mikla peninga í slíkt.

„Róbert hefur tök á þessu og mér finnst þetta stórkostleg nálgun af hans hálfu,“ segir Sigurður sem kveður hugmynd Róberts um sjálfseignarstofnun hafa sett bæjarfulltrúa í þá stöðu að geta valið um að flýta uppbyggingu á þessum sviðum verulega. Með því sé ekki aðeins

hægt að tryggja byggingu nýja hótelsins heldur einnig umgjörð fyrir önnur þjónustufyrirtæki. „Þannig að það muni allir hagnast á þessu í samfélaginu.“

Sigurður segir menn hafa verið mjög hugsi þegar þeir settust yfir þessa nálgun. „Það er þekkt að sveitarfélög hafa í gegn um tíðina farið inn í hlutafélög sem hafa endað á alla kanta. En ef einhver áhætta er þá er hún algerlega sett á lægsta áhættuþrep gagnvart sveitarfélaginu því þá rennur allt aftur til bæjarfélagsins,“ segir bæjarstjórinn.

gar@frettabladid.is

Enn átök í Sýrlandi:

Tuttugu féllu í sprengjuárás

SÝRLAND Að minnsta kosti tuttugu féllu í átökum andspyrnumanna og stjórnarhersins í Sýrlandi í gær, þar af létust sextán þegar herinn lét sprengjum rigna yfir borgina Hama. Samtök andspyrnumanna fullyrða að þrjú börn hafi látist í skotárásinni.

Þá sprakk sprengja nálægt bílalest eftirlitsmanna Sameinuðu þjóðanna fyrr í gær. Ekki er talið að slys hafi orðið á fólki.

Átök milli uppreisnarmanna og öryggissveita hafa harðnað verulega á síðustu dögum. -kg

Hryðjuverkin yfir Lockerbie: Tílræðismaðurinn lést í gær

LÍBÍA Abdelbaset al-Megrahi, eini maðurinn sem var sakfelldur fyrir þátt sinn í sprengjuárásinni yfir Lockerbie í Skotlandi árið 1988, lést í gær á heimili sínu í Trípolí, höfuðborg Líbíu. Hann var 59 ára gamall.



ABDELBASET AL-MEGRAHI

Al-Megrahi var dæmdur í Hollandi árið 2001 en sleppt úr fangelsi í Skotlandi árið 2009 af manndóðarástæðum. Hann glímdi við krabbamein, en ákvörðunin var umdeild. Alls létust 270 í árásinni yfir Lockerbie. David Cameron, forsætisráðgjafi Bretlands, sagði í gær að andlát hryðjuverkamannsins væri til efni til að minnst þessa „hræðilega hryðjuverks“.

Megrahi neitaði alla tíð aðild að Lockerbie-sprengjuárásinni. -kg

Skipi fylgt til hafnar:

Vélarvana skip utan við Rif

ÖRYGGISMÁL Rækjuskip varð vélarvana um fimm sjómílar utan við Rif í fyrrinótt. Leki hafði komið að skipinu og voru björgunarskipið Björg og Lífsbjörg á Snæfellsnesi kölluð út.


Þegar komið var að skipinu var tæplega eins metra sjór í vélarváni. Dælur voru settar um borð og gekk vel að dæla sjónum úr vélarváni. Tókst að koma vélinni í gang en rafmagn komst ekki á skipið. Var því þar af leiðandi fylgt í höfn á Rifi. Var komið þangað um sjöleytið um morguninn. -shá

VEÐURSPÁ



HLÝNDI NA- LANDS þegar líður á vikuna og gæti hitinn náð 20 stigum þar sem hlýjast verður. Það má búast við nokkuð vætusömu veðri suðaustan- og austanlands næstu daga og einhver úrkoma fellur víða um land.

Á MORGUN Fremur hægur vindur víðast hvar.



HEIMURINN	°C
Alicante	25°
Basel	15°
Berlín	28°
Billund	21°
Frankfurt	24°
Friedrichshafen	22°
Gautaborg	22°
Kaupmannahöfn	22°
Las Palmas	23°
London	17°
Mallorca	21°
New York	19°
Orlando	31°
Ósló	22°
París	18°
San Francisco	20°
Stokkhólmur	16°

Vindhraði er í m/s.
Hitastig eru í °C.
Gildistími korta er um hádegi.

TILBOÐ!

SÓLARHRINGSTILBOÐ - HEFST Á HÁDEGI

Gautaborg

Verð frá:
14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

Ferðatímabil: 6. júní-4. júlí 2012

Iceland Express

-lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

42

Nr. 42: Við veitum afreksstyrki úr Samfélagssjóði Landsbankans

AÐGERÐIR Í TAKT VIÐ NÝJA STEFNU



Tólf afreksmenn fengu afhenta afreksstyrki við athöfn í Iðnó á föstudag.

Landsbankinn þinn er heiti á nýrri stefnu bankans. Hann er í eigu þjóðarinnar og hefur mikilvægu hlutverki að gegna í samfélaginu. Landsbankinn hefur breyst mikið og mun breytast og eflast enn frekar í takt við nýja stefnu. Við skiptum ekki um nafn heldur hugarfar.

Landsbankinn styrkir tólf framúrskarandi afreksmenn

Tólf framúrskarandi íþróttamenn fengu afreksstyrki á föstudag úr Samfélagssjóði Landsbankans. Fimm fengu afreksstyrk að upphæð 400.000 krónur en sjö styrkir voru veittir afreksmönnum framtíðarinnar, hver að upphæð 200.000 krónur. Afreksstyrkjum bankans er úthlutað árlega.

Markmið með styrkveitingunni er að styðja við bakið á afreksfólki sem iðkar einstaklings- eða paraíþróttir. Allir styrkþegar hafa náð langt hver á sínu sviði og geta státað af framúrskarandi árangri, bæði hér heima og á erlendum vettvangi. Í hópi styrkþega eru þrír frjálsíþróttamenn, þrír sundmenn, tveir skíðamenn og einn úr badminton, skák, skotfimi og skyllmingum.

Afreksfólk framtíðar

Landsbankinn leggur áherslu á að styðja við þá sem þegar hafa náð langt á sínu sviði en ekki síður við ungt og efnilegt íþróttafólk og þess vegna eru veittir

12 styrkir
3,4 milljónir

sérstakir afreksstyrkir framtíðarinnar til íþróttamanna sem ekki eru orðnir tvítugir.

Landsbankinn hefur um árábil stutt dyggilega við íslenskt íþrótt- og æskulýðsstarf. Afhending afreksstyrkja úr Samfélagssjóði er mikilvæg viðbót við þann stuðning. Samtals námu afreksstyrkir Landsbankans í ár 3,4 milljónum króna og bærust alls 120 umsóknir.

Samfélagssjóður

Samfélagssjóður Landsbankans veitir fimm tegundir styrkja á hverju ári: Auk afreksstyrkja eru veittir námsstyrkir, nýsköpunarstyrkir, samfélagsstyrkir og umhverfisstyrkir.

Í takt við stefnu

Með veitingu afreksstyrkja úr Samfélagssjóði er Landsbankinn að vinna í takti við nýja stefnu bankans. Við ætlum að takast á við skuldavanda heimila og fyrirtækja, bæta þjónustu og leggja áherslu á samfélagslega ábyrgð og gott siðferði. Þjóðin á þennan banka og því fylgir mikil ábyrgð að vera Landsbankinn þinn.



KJÖRKASSINN



Pekkir þú ungt fólk sem verður atvinnulaust í sumar?

JÁ	60,8%
NEI	39,2%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Horfir þú á úrslitaleik Meistaradeildar Evrópu?

Segðu skoðun þína á vísir.is



6

Umhverfisráð á Dalvík hafnar umsókn um sölu silungsveiðileyfa í Stórhólstjörn: Meinað að sleppa silungi í fólkvangi

UMHVERFISMÁL Ekki fæst leyfi fyrir því að sleppa regnbogasilungi í Stórhólstjörn í Dalvíkurbyggð og selja íbúum í sveitarfélaginu veiðileyfi þar.

Í synjun umhverfisráðs Dalvíkurbyggðar segir að umsókn um aðgang og afnot af Stórhólstjörn sé óljós og uppfylli þess utan ekki ákvæði samþykktar um fólkvang í Böggvisstaðafjalli.

Auk þess sem ætlunin var selja silungsveiðileyfi í tjörninni átti að vera aðstaða á svæðinu til að bjóða upp á hressingu, veiðistangir og annað sem tengist veiðiskap.

Í afgreiðslu umhverfisráðs er undirstrikað að Stórhólstjörn sé innan fólkvangsins í Böggvisstaðafjalli. Í samþykktum um fólkvanginn segir varðandi landnotkun og mannvirkjagerð að allar framkvæmdir innan hans séu háðar leyfi Dal-



SILUNGUR Ósk um veiðileyfasölu í Stórhólstjörn er of óljós til þess að hægt sé að heimila að silungi sé sleppt í tjörnina segir umhverfisráð Dalvíkurbyggðar.

FRÉTTABLAÐIÐ/GARÐAR

víkurbyggðar og Umhverfisstofnunar og þurfi að vera í samræmi við samþykkt skipulag og verndaráætlun. Svæðið skuli skipulagt til almennrar útivistar.

- gar

Árás í Kópavogi:

Hent niður af fjórðu hæð

LÖGREGLUMÁL Manni var hent fram af svölum íbúðar á fjórðu hæð í fjölbýlishúsi í Kópavogi um tíu leytið í gærmorgun. Maðurinn féll niður um eina hæð og lenti á svölum íbúðarinnar á hæðinni fyrir neðan.

Samkvæmt upplýsingum frá lögreglu slasaðist maðurinn og kom sjúkrafreið á staðinn. Ekki er vitað nánar um meiðsl hans. Karlmaður var handtekinn á staðnum, grunaður um verknáðinn. Hann var færður í fangageymslu. Málið var enn í rannsókn í gær.



MAKRÍLL Af einstökum sjávarafurðum fengust mest verðmæti fyrir heilfrystan makríl árið 2011. MYND/ÓSKAR P. FRÍDRIKSSON

Nýjar tölur frá Hagstofnunni:

Sjávarafurðir fluttar út fyrir 252 milljarða

EFNAHAGSMÁL Verðmæti útflutningsframleiðslu sjávarafurða á árinu 2011 nam ríflega 256 milljörðum króna. Verðmætið jókst um 7,8% frá árinu 2010. Er um að ræða samtölu útflutnings og birgðabreytinga sjávarafurða.

Samtals voru fluttar út sjávarafurðir fyrir 252 milljarða og jókst verðmæti þeirra um 14,1%. Alls voru flutt út 672 þúsund tonn samanborið við 632 þúsund tonn árið áður.

Frystar afurðir skiluðu 57% af heildarútflutningsverðmæti en af einstökum afurðum vó verðmæti heilfrysts makríls mest eða 24 milljarða. Af heildarútflutningi fóru 72 prósent til Evrópska efnahagssvæðisins, 8,8% til Asíu og 4,9% til Afríku.

- mþl

LÖGREGLUFRÉTTIR

Hraðakstur á Reykjanesi

Sex ökumenn hafa verið staðnir að hraðakstri á Suðurnesjum undanfarna daga. Flest áttu brotin sér stað á Reykjanesbraut. Þar mældist sá sem hraðast ók á 120 kílómetra hraða en hámarkshraði er 90 kílómetrar á klukkustund.

Faldi sig á baðherbergi

Lögreglan á Suðurnesjum reyndi í vikunni að stöðva mann grunaðan um fíkniefnaakstur. Maðurinn hlýddi ekki stöðvunarmerkjum heldur ók inn á bílastæði og hljóp inn í hús. Hann var gómaður innandyrna.

Rannsókn fyrirhuguð á bóludefni gegn krabbameini

Í undirbúningi er rannsókn á bóludefni sem vonast er til að drepi krabbameinsfrumur. Nýja bóludefnið inniheldur kúabólueiru og fuglabólusóttarveiru sem hefur verið breytt með erfðatæknilegum aðferðum.

HEILBRIGÐISMÁL Umhverfisstofnun hefur til meðferðar leyfisumsókn fyrir rannsókn með erfðabreytt bóludefni þar sem prófuð verður ný aðferð við meðhöndlun blöðruhálskrabbameins. Nýja bóludefnið, PROSTVAC-V/F, er tvíþætt og inniheldur kúabólueiru annars vegar og fuglabólusóttarveiru hins vegar, sem hefur verið breytt með erfðatæknilegum aðferðum til að tjá ónæmisvaka í þeim tilgangi að hjálpa ónæmisfrumum líkamans

ónið testósteron. Þá kemur krabbameinslyfjameðferð til greina, en það líður oft nokkur tími þangað til slík meðferð á við, til dæmis ef krabbameinið veldur engum ein-kennum. Á þessu tímabili er rætt um að bjóða afmörkuðum hópi sjúklinga að taka þátt í þessari rannsókn.

Rannsóknin er hluti af stærri alþjóðlegri rannsókn en Gunnar Bjarni telur ótímabært að ræða um væntingar eða árangur af notkun nýja bóludefnisins.

Ráðgjafarnefnd um erfðabreyttar lífverur leggur einróma til að leyfið verði veitt og Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ) sér ekki ástæðu til þess að leggja gegn leyfisveitingu. Í gögnum kemur fram að möguleiki sé á ýmsum aukaverkunum og að bóludefnið geti borist á milli manna eða frá mönnum í dýr, þó slíkt sé ólíklegt. NÍ telur því að koma eigi fram í skilyrðum fyrir leyfisveitingu að ekki eingöngu eigi að forðast nána snertingu þátttakenda í rannsókninni við fólk heldur einnig dýr og þá sérstaklega fugla.

Um hættu af erfðabreyttu efnunum sem í bóludefninu eru segir í umsógn Ráðgjafarnefndarinnar að „notkun erfðabreyttu bóludefnanna muni ekki hafa í för með sér meiri hættu en notkun forvera bóludefnanna sem nú þegar hafa verið í notkun í heiminum um árabil.“

Áætlað er að rannsóknin hefjist á næstu mánuðum eða þegar öll tilskilin leyfi hafa borist. Meðferðartímabil rannsóknarinnar er um fimm mánuðir en rannsóknin með eftirfylgni, mun í heildina vara í fimm ár.

svavar@frettabladid.is

Til stendur að bjóða upp á þessa meðferð hjá hluta sjúklinga með dreift blöðruhálskirtilskrabbamein sem eru hættir að svara hefðbundinni hormónameðferð.

GUNNAR BJARNI RAGNARSSON
KRABBAMEINSLÆKNIR

að þekkja og drepa krabbameinsfrumur.

Í rannsókninni á að meta hversu öruggt bóludefnið er og hversu góða verkun það hefur á krabbamein.

Gunnar Bjarni Ragnarsson, krabbameinslæknir, sækir um rannsóknarleyfið og útskýrir að þrátt fyrir að margir fái blöðruhálskirtilskrabbamein á Íslandi þá sé aðeins afmarkaður hluti þess hóps sem meðferðin á við. „Til stendur að bjóða upp á þessa meðferð hjá hluta sjúklinga með dreift blöðruhálskirtilskrabbamein sem eru hættir að svara hefðbundinni hormónameðferð, en fyrsta meðferð snýr að því að bæla karlhorm-



MANNLÍF Vonast er til að hægt sé að „kenna“ ónæmisfrumum líkamans að þekkja og drepa krabbameinsfrumur. Um alþjóðlega rannsókn er að ræða.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Finnur og drepur krabbameinsfrumur

- Klínísk þróun á PROSTVAC-V/F byggist á þeirri hugmynd að hægt sé að kenna ónæmiskerfinu að finna og drepa vissar krabbameinsfrumur.
 - PROSTVAC-V er búið til úr kúabólueiru sem notuð var til margra ára til bólusetningar gegn bólusótt.
 - PROSTVAC-F er búið til úr fuglabólusóttarveiru sem er skyld kúabólueirunni en finnst eingöngu hjá fuglum og veldur engum sjúkdómum í mönnum.
 - Farið verður eftir íslenskum lögum og reglum hvað varðar meðhöndlun á rannsóknarbóludefninu sem verið er að prófa. Eftirlit verður haft með starfsfólki rannsóknarinnar og öðrum sem koma að notkun bóludefnisins auk þess sem gefnar hafa verið út leiðbeiningar fyrir starfsfólk rannsóknarinnar.
 - Alvarlegar aukaverkanir af kúabóluefninu eru algengastar í ungum börnum, einstaklingum með veiklað ónæmiskerfi og einstaklingum með húðsjúkdóma. Þess vegna eru gerðar ráðstafanir til að koma í veg fyrir að slíkir einstaklingar komist í nálægð við veiruna.
- Heimild:** Umhverfisstofnun. Umsókn um leyfi til sleppingar erfðabreyttra lífvera annarra en fræplantna.

Snarpur skjálfti olli manntjóni og skemmdum á Norður-Ítalíu í fyrrinótt:

Sex látnir eftir jarðskjálfta

NÁTTÚRUHAMFARIR Í það minnsta sex eru látnir eftir að snarpur jarðskjálfti reið yfir Norður-Ítalíu í fyrrinótt. Skjálftinn olli einnig miklum skemmdum á mannvirkjum á svæðinu, um 35 kílómetrum norður af borginni Bologna.

Jarðskjálftinn, sem mældist 6,0 á Richter og var tíu kílómetrar á dýpt, er sá harðasti á Ítalíu síðan nærri 300 létust í kjölfar skjálfta í miðhluta landsins árið 2009. Skjálftinn fannst í stórum hluta Norður-Ítalíu, meðal annars í borgunum Milánó, Feneyjum og Flór-ens. Í gær reið eftirskjálfti, sem mældist 5,1 á Richter, yfir svæðið og orsakaði frekari skemmdir á byggingum, auk þess sem slökkviliðsmaður féll niður af vegg við björgunarstörf og slasaðist.

Tveir starfsmenn létust þegar keramikverksmiðja hrundi til grunna í borginni Sant'Agostino.



SKEMMDIR Slökkviliðsmaður kannar eyðileggingu í bænum San Carlo á Norður-Ítalíu í gær.

NORDICPHOTOS/AFP

Í samtali við fréttavef BBC sagði móðir annars starfsmannsins sem lést að sonur hennar hefði ekki átt að vera í vinnunni í fyrrinótt en

hefði skipt á vakt við annan. Í gær var talið að um fimmtíu hefðu slasast af völdum skjálftans, en enginn alvarlega.

- kg

TILBOÐ!

SÓLARHRINGSTILBOÐ - HEFST Á HÁDEGI

Berlín

Verð frá:

14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

Ferðatímabil: 1. júní-4. júlí 2012

Iceland Express

-tækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is



— KETTLE CHIPS —
**EINFALDLEGA
BETRI
— FLÖGUR —**

BONUS

HAGKAUP

VEISTU SVARIÐ?



1. Hvert var banamein Donnu Summer?
2. Hver á að leika Stein Steinarr í kvikmyndinni Kill the Poet?
3. Hvaða knattspyrnumaður fékk hæstu einkunn í Harvard-háskóla?

SVÖR
3. Guðmundur R. Gunnarsson
2. Nick Stahl
1. Lungnabráðamein

8

Actavis keppir við mest selda lyf í heimi með nýju samheitalyfi:

Ein sending fyrir 1,8 milljarða

IDNADUR Actavis og dótturfyrirtæki þess Medis sendu um mánaðamótin lyf til Evrópu fyrir tæpa tvo milljarða króna, en um er að ræða eina stærstu markaðssetningu fyrir-tækjanna frá upphafi. Lyfið er blóðfitulækkandi og ber nafnið Atorvastatín, og keppir við mest selda lyf í heimi sem lyfjarisinn Pfizer framleiðir og selur.

Þetta kemur fram í frétt frá Actavis en sala á Atorvastatíni hófst á nokkrum stöðum í Evrópu um mánaðamótin. Unnið hefur verið að framleiðslu lyfsins og þökkun í verksmiðju Actavis í

Hafnarfirði undanfarna mánuði en lyfið mátti ekki fara í almenna sölu á viðkomandi mörkuðum áður en einkaleyfi Pfizer féll úr gildi.

Atorvastatín var þróað hjá þróunareiningu Actavis á Íslandi, en samanlagt verðmæti sendinganna á vegum Actavis og Medis er um 1,8 milljarðar króna.

Til að tryggja að lyfið kæmist á markað á fyrsta degi, eftir að einkaleyfið féll úr gildi, varð að senda mikið magn með flugi, eða rúmlega eitt þúsund bretti, en rúmlega 600 voru flutt með skipi.

- shá



TÖFLUR Actavis í Hafnarfirði getur framleitt 1,5 milljarða taflna á ári. Starfsmenn eru 750.

MYND/ACTAVIS

Leitað við Vatnsskarð:

Fundust eftir skamma leit

ÖRYGGISMÁL Björgunarsveitir á Austurlandi voru kallaðar út aðfaranótt sunnudags að ósk lög-reglu til að leita að ferðafólki við Vatnsskarð. Sveitirnar mættu til leitar á fjórhjólum, og vélsleðum auk göngumanna og leitarmanna með hunda.

Veður var gott þó kalt væri og aðstæður því góðar. Eftir skamma leit fannst fólkíð heilt á húfi í tjaldi neðan við Stóruurð. Héldu því björgunarsveitarmenn til síns heima og lauk aðgerðum undir morgun.

- shá

Óttast að hátt verð á villtum laxi bindi enda á uppkaup netalagna á Íslandi:

Tuttugu þúsund fyrir eitt kíló af laxi

UMHVERFISMÁL Snarhækkandi verð á villtum laxi á heimsmarkaði leiðir til þess að erfiðara er að kaupa upp netalagnir í íslenskum ám. Þetta kemur fram í grein Haraldar Eiríkssonar á vef Stangaveiðfélags Reykjavíkur.

Haraldur, sem er ritstjóri svfr.is, segir í grein sinni að flestir samningar um netaleigu í Hvítá og Ölfusá séu útrunnir án þess að hafa verið endurnýj-aðir. Á meðan netin hafi verið tekin upp hafi laxa-gengd á vatnasvæðinu aukist og veiðimenn fundið fyrir því í hækkandi verði. Nú séu blíkur á lofti.

„Verð á villtum laxi hefur stórhækkað undan-farið, og berast fréttir af því að nú megi hreinlega fá stórfé fyrir netaveiddan villtan lax. Ástæðan er meðal annars sú að hann er talinn mun hollari en sá sem alinn er, fituhlutfall er langtum minna og engin aukaefni fyrir hendi, svo sem PCB,“ segir Haraldur sem kveður kílóverð á villtum lax í verslun Harrods í London nú í vor hafa verið jafnvirði rúmlega 20 þúsund króna. Nokkrum netabændum á Suðurlandi hafi borist kaupboð í allan netaveiddan lax sem þeir komi höndum yfir.

„Verðið er hærra en sést hefur í nokkurn tíma



VILLTUR LAX Íslenskur bændur eru sagðir geta selt allan þann lax sem þeir koma höndum yfir á síhækkandi verði og stanga-veiðimönnum list ekki á blíkuna.

FRÉTTABLAÐIÐ/ÚR EINKASAFNI

sem ekki mun letja landeigendur til veiðanna. Þetta eru vondar fréttir fyrir stangaveiðimenn er unna svæðinu og bergvatnsánám sem til Hvítár renna,“ skrifar Haraldur og spyr hvort það tækifæri sem hafi gefist á tímum netaleigu Stangaveiðfélagsins sé runnið mönnum úr greipum.

- gar

TILBOÐ!

SÓLARHRINGSTILBOÐ - HEFST Á HÁDEGI

Basel

Verð frá:

19.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

Ferðatímabil: 9. júní-7. júlí 2012

Iceland Express

-lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Nauðsynjavörur fyrir nútímamanninn

Afmælistilboð: 20% afsláttur af Sony búnaði

Betri lausnir í 20 ár
1992-2012



Sony raðbókalesari 2 GB

Nú: 31.992 kr.

Áður: 39.990 kr.

- 6" skjár
- Wi-Fi internettenging
- SD kortalesari
- Geymir allt að 1200 raðbækur



Sony Network Walkman 4 GB

Nú: 18.392 kr.

Áður: 22.990 kr.

- 4 GB minni
- Geymir allt að 1000 lög
- Innbyggt FM útvarp
- Samhæfur WMP og iTunes



Sony Cybershot myndavél

Nú: 23.992 kr.

Áður: 29.990 kr.

- 14,1 MP Carl Zeiss linsa
- 4x optical aðdráttur (26-105 mm)
- Sweep Panorama
- Með hristivörn

Nýherji býður **20% afslátt** af vönduðum vörum í tilefni af 20 ára afmæli sínu. Vikuna 21. – 27. maí bjóðum við afslátt af völdum **Sony** búnaði. Komdu við í verslun **Nýherja Borgartúni, Akureyri** eða á **netverslun.is**.

Tilboðið gildir 21. maí – 27. maí.

NÝHERJI


Við viljum kaupa Yarisinn þinn!

Vegna mikillar eftirspurnar vantar okkur allar árgerðir Yaris bíla strax. Komdu með bílinn þinn til okkar á Nýbýlavegin, við skoðum hann, metum hann og gerum þér tilboð í beinhörðum peningum!

Þú getur einnig hringt í síma 570 5070 eða sent tölvupóst á info@toyota.is



Toyota Kópavogi
Nýbýlavegi 4
Sími: 570-5070
Opíð mán-fös kl. 09.00-18.00 og lau kl. 12.00 - 16.00
info@toyota.is



Betri notaðir bílar **TOYOTA**

FRÉTTAVIDTAL: Kristín Völundardóttir forstjóri Útlendingastofnunar

Höfum almennt verið heppin

Íslensk umræða um útlendinga er frumstæð og stjórn-málaflakkar þurfa að marka sér stefnu í mála-flokknum. Þórunn Elísabet Bogadóttir ræddi við Kristínu Völundardóttur, forstjóra Útlendingastofnunar, um hælisleitendur, fjárvæðing og umræðuna.

„Mér finnst við svolítið frumstæð þegar kemur að þessum málaflakki og mér finnst umræðan að jafnaði vera mjög sleggjudómakennd. Það er ýmist of eða van,” segir Kristín Völundardóttir, forstjóri Útlendingastofnunar, um umræðuna um málefni hælisleitenda hér á landi, sem reglulega skýtur upp kollinum.

„Það hefur aldrei farið fram nein raunveruleg umræða um hælisleitendur og hvernig á að taka á móti þeim. Ekki heldur um hvernig við eigum að haga okkur gagnvart erlendum ríkisborgurum almennt. Það er engin upplýst umræða. Það koma upp einstaka mál og fólk verður voðalega æst. Svo er það bara búið og ekkert meira rætt um það. Það vantar til dæmis í stefnu stjórn-málaflakka hver þeirra afstaða er. Hver er afstaða Íslendinga og útlendinga sem hér búa? Það hafa engar kannanir verið gerðar og enginn spurt fólkið hvað það vill.”

Kristín bendir á að kosningar fara fram á næsta ári. „Þannig að það hafa allir flokkar möguleika á því að koma með sína stefnu, bæði fyrir þá sem fyrir eru og þá sem ekki eru komnir hingað, þannig að fólk viti að hverju það gengur.”

Bæði Kristín og forverar hennar í starfi hafa kallað eftir stefnu stjórnvalda. „Nú er innanríkisráðuneytið að vinna að stefnu og hún er loksins að koma, en ég myndi líka vilja vita hver afstaða fólksins verður til þeirrar stefnu þegar þar að kemur.”

Efitt fyrir starfsfólkið

Útlendingastofnun er fyrst og fremst þjónustustofnun að sögn Kristínar, sem þjónustar erlenda ríkisborgara, hvort sem er með dvalarleyfi, áritanir eða annað. „En við erum líka útvörður íslensks velferðarkerfis. Ef við

tökum þá geðþóttaákvörðun að ætla að veita öllum hæli eða dvalarleyfi án lagaheimildar þá fyllum við velferðarkerfið af fólki sem við getum í rauninni ekki boðið upp á mannsæmandi líf. Þannig að mér finnst stundum lítið lagt í Útlendingastofnun í ljósi þess hvað hún á að gegna mikilvægu hlutverki.”

Aðspurð segir hún vinnuna oft mjög erfiða fyrir starfsfólkið. „Fólk hefur fengið áfallahjálp og við höfum fengið sálfræðinga til að ræða við starfsfólk um hvernig eigi að taka á erfiðum viðskiptavinum. Þetta er venjulegt fólk sem vill gera sitt besta og vill hjálpa fólki. Svo höfum við lagaramma og við getum ekki farið út fyrir hann, það er bara ekki okkar hlutverk. Eg þyrfti að reka starfsmann ef hann færi út fyrir hlutverk sitt.“ Af þessum sökum segir hún oft erfitt þegar einstaklingar fari með mál í fjölmörgu og geri einstökum starfsmönnum lífið leitt. Komandi hafi fyrir að starfsmenn hafi verið eltir og að viðskiptavinir hafi staðið fyrir utan heimili þeirra lengi. „Þetta á ekki að geta gerst, við erum þjónustustofnun og ef þú ert ósáttur við þjónustuna þá kærir þú þá ákvörðun. Þú ferð ekki í persónulegar árásir.”

Reyna að finna jafnvægi

Óvenjulega stór hópur hælisleitenda bíður nú afgreiðslu mála sinna, eða 89 manns. Á sama tíma er stofnunin að afgreiða 3.500 dvalarleyfi að sögn Kristínar, en sá málaflakkur er umfangsmestur. „Við erum að reyna að finna eitthvert jafnvægi þarna á milli sem gerir það að verkum að allir tapa. Ef allt er í lagi og öll gögn koma inn þá afgreiðum við dvalarleyfi mjög hratt og örugglega. En um leið og eitthvað er í ólagi lendir fólk í kvörninni og þarf að bíða mjög lengi eftir afgreiðslu. Þetta er það eina sem við getum boðið upp á af því að við erum fjárvæðing,” segir Kristín. Hún segir ljóst að stækka þurfi stofnunina.

Innanríkisráðherra hefur lagt til við ríkisstjórnina að Útlendingastofnun fái 7,7 milljóna aukafjárveitingu til þess að takast á við þennan fjölda hælisleitenda. Með þessu aukafjármagni verður hægt að ráða tvo lögfræðinga út þetta ár. Sú upphæð miðast við að hælisleitendum fjölgi ekki á þessu ári. Ef hælisleitendum fjölgar hins vegar,



KRISTÍN VÖLUNDARDÓTTIR Forstjóri Útlendingastofnunar kallar eftir því að stjórn-málaflakkar móti stefnu í málefnum innflytjenda. Þá skorti á umræðu um málefnið.

FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

eins og Kristín telur að gæti gerst, þá dugir fjárveitingin skammt.

Engin viðbragðsáætlun

Hælisleitendum sem hingað koma fjölga ár frá ári og fyrstu fjóra mánuði ársins komu hingað 27 og óskuðu eftir hæli. Það er 80 prósent aukning frá sama tímabili í fyrra, þegar 15 óskuðu eftir hæli. Í nágrannalöndum okkar hefur komið fyrir að fjöldi hælisleitenda fjölgar gríðarlega á stuttum tíma. „Við gætum líka fengið svona sprengju og við erum engan veginn í stakk búin fyrir það. Þá þyrfti að virkja almannavarnarkerfið, opna skóla og fleira slíkt. Það er ekki til nein viðbragðsáætlun um hvað gerist ef það koma hingað hundrað

manns í einu og sækja um hæli. Það verður að vera til húsnæði og fólk sem getur sinnt þessu.” Reykjanesbær sinnir hælisleitendum nú og Kristín segir að þar sé vel að verki staðið, en bærinn hafi ekki burði til að taka við mikið fleiri hælisleitendum en nú er.

Vanefnin kosta of mikið

Breytingar hafa orðið á því hverjir leita hér hælís. Í upphafi voru það nánast eingöngu karlar sem hingað komu en nú koma konur, fjölskyldur og vandalaus börn. „Mansalsmál eru að verða áberandi. Þau eru flókin og krefjandi og krefjast meira af starfsfólki hér. Sama má segja um vandalaus börn. Þetta kallar allt á öðruvísi málsmeð-

ferð og flóknari, og þá þarf starfsfólkið líka að vera vant og búið að læra. Við höfum ekki aðgang að námskeiðum eða skóla, það kostar. Vanefnin eru þegar farin að kosta okkur of mikið.”

Kristín segir að það ríki skilningur á því að ekki verði við svo lengur búið og að hægt sé að spara með því að leggja peninga í stofnunina. „Við eigum að geta gert svo vel hérna á Íslandi af því að þetta er svo líttill fjöldi.”

Kristín bendir á að miklar breytingar hafi orðið á síðastliðnum 15 áum. Nú fái 55 til 60 prósent hælisleitenda, sem teknir séu í efnismeðferð, hæli. „Við þurfum ekki að fara nema tíu ár aftur í tímann og þá var þessi tala 5 til 10 prósent. Það hafa orðið miklar breytingar með lagabreytingum, viðhorfsbreytingum og öðruvísi málsmeðferð.”

Höfum almennt verið heppin

Málefni hælisleitenda komust síðast í hámaeli í byrjun maí þegar tveir ungir menn voru dæmdir fyrir að hafa komið hingað með fölsuð skilríki. Þeir hafa báðir sótt um hæli hér. Umræður hafa meðal annars spunnist um það hvort rétt sé að fangelsa hælisleitendur, en það er ekki gert annars staðar í Evrópu.

„Í Evrópu er til úrræði sem er ekki til staðar hér. Það heitir lokuð vistun, eða detention á ensku, og er ekki ósvipað gæsluvarðhaldi. Þetta er húsnæði sem er byggt eins og fangelsi og þar eru verðir og fólk getur lent í einangrun, það bara heitir ekki fangelsi,” segir Kristín og bætir því við að vegna þess að úrræði af þessu tagi skorti hér á landi hafi verið ákveðið að notast við gæsluvarðhald. „Það verður að vera úrræði af þessu tagi til staðar því þú getur alltaf verið með einstakling í höndunum sem er hættulegur umhverfinu. Í nágrannaríkjunum eru margir í svona lokaðri vistun. Ef fólk gerir ekki grein fyrir sér og ríki vita ekki deili á því þá er það sett í svona vistun.” Þessa heimild segir Kristín að vanti hér á landi, og oftast en ekki gangi einstaklingar sem ekki eru vitað hverjir eru lausir.

„Við höfum almennt verið mjög heppin með það fólk sem hingað hefur komið, en við vitum aldrei hvenær við fáum hættulega einstaklinga og til þess er þetta kerfi, til að sigta út.”

www.volkswagen.is

Aukabúnaður á mynd: 18" áfelgur

Golf kostar aðeins frá
3.390.000 kr.

Volkswagen Golf BlueMotion

Sparnaðarráð frá Þýskalandi

Meðaleyðsla aðeins
3,8 lítrar á hverja 100 km*

* Miðað við blandaðan akstur á beinskiptum
Volkswagen Golf BlueMotion 1.6



Das Auto.


Komdu og reynsluaktu Volkswagen Golf

Laugavegi 170-174 · 590 5000 · hekla.is · hekla@hekla.is · umboðsmenn um land allt



Reynslan er góð!

Varahlutir í bíla




Framúrskarandi
fyrirtæki 2011

 **Stilling**

Stilling hf. | Sími 520 8000 | www.stilling.is | stilling@stilling.is

FRÉTTASKÝRING: Umhverfismál

Tíminn til aðgerða er runninn upp

Alþjóðasamfélagið hefur sett sér háleit markmið í loftslagsmálum. Efnidirnar hafa hins vegar ekki verið jafn góðar og ljóst er að ríki heimsins þurfa að gefa eftir sín hagsmunamál eigi árangur að nást. Tæknin og tækin eru til staðar og pólitískur vilji er allt sem þarf.

Vikulöng dagskrá um umhverfismál er upplýsandi, en um leið lýjandi. Endalaugar upplýsingar um hvernig staðan er, hvað á að gera, hvað er hægt að gera, hvað þarf að gera. Og það er ekki eins og þessar upplýsingar hafi orðið til í gær. Um langt skeið hefur alþjóðasamfélagið vitað upp á háhr hvað þarf að gerast í orkubúskap heimsins og mengunarmálum til að bregðast við hlýnandi loftslagi af völdum manna. Mannfólkinu er hins vegar margt betur til lista lagt en að taka á sig aukinn kostnað og neita sér um lífsgæði með framtíð heildarinnar í huga.

Þannig þurfti áralangar deilur um hvort loftslag væri yfir höfuð að hlýna af mannavöldum og enn eru þeir til sem þrjóskast við í þeim efnum. Mikill kraftur, peningar og vinna hafa farið í að komast að niðurstöðu í því deiluefni. Raunar er óskiljanlegt hve mikinn tíma það hefur tekið, því minni mengun hlýtur alltaf að vera góður kostur, hvort sem menn trú á áhrifum manna á hlýnun jarðar eða ekki.

Og gögnin sem til eru um loftslagsmál! Úff. Þau hafa verið ófá trén sem fóru í allar upplýsingarnar sem við Berlínarfarar fengum og heim komnar voru axlir og vöðvar sár eftir burðinn á öllum gögnunum heim.

En, líkt og margir fyrirlesarar hömruðu á; allar lausnir eru til staðar, það vantar einfaldlega pólitískan vilja. Og ekkert er betra til að skapa pólitískan vilja en þrýstingur almennings og til að skapa hann þarf upplýsingar.

Og, eins og áður hefur verið sagt í þessum greinaflokk, þá er málið í grunninn ósköp einfalt. Ef mannkynið ætlar að halda áfram að fjölga sér og búa við þau nútímaþægindi sem við teljum sjálfsögð, þá þarf að nýta orkugjafa sem ganga ekki á auðlindir jarðarinnar. Það ætti því að vera sameiginlegt markmið að búa svo um hnútana að svo verði.

Og það er vissulega reynt. Á hverju ári eru ótal fundir á vegum Sameinuðu þjóðanna og undirstofnana þeirra um hvernig eigi að

bregðast við, hvert markmiðið eigi að vera. Til að þeir skili raunverulegum árangri þarf hins vegar að binda hendur ríkja heims, það þurfa að vera ákvæði sem ríki verða einfaldlega að fylgja; fyrr gerist ekkert róttækt í málaflokknum.

Peninga í hrönnum uns ég dey

En eins og í flestu þá eru það enn peningarnir sem tala. Og þeir eru hjá olíuríkjum og -fyrirtækjum. Á fleiri gera sér þó grein fyrir því að endurnýjanlegir orkugjafar er iðnaður með nánast takmarkalaus vaxtamöguleika.

Peningar eru hreyfiafl hlutanna og fjölmargir deila því með Engilbert Jensen sem söng með Hljómum að hann vildi „þyngju fulla af peningum, já peninga í hrönnum uns ég dey.“ Fjárfestar líta til ávöxtunar og markaður fyrir olíu er tiltölulega þekkt stærð með ljósri áhættu.

Enn er það svo að mun meira fé er sett í vinnslu og rannsóknir jarðefnaeldsneytis en endurnýjanlega orkugjafa. Samkvæmt tölum frá Alþjóðlegu orkustofnuninni fer um 1 trilljón Bandaríkjadala á ári í þann geira. Á móti voru 310 milljarðar dala fjárfestar í endurnýjanlegum orkugjöfum. Hlutfallið er því einn á móti þremur.

Þjóðverjar, sem eru fjölmörgum þjóðum fremri í umhverfismálum, fjárfesta enn meira í rannsóknum á kjarnorku en á endurnýjanlegum orkugjöfum. Og það þó öllum kjarnorkuverum landsins verði lokað árið 2022.

Hærra mengunargjald

Og eins og það glæðir áhuga fjárfesta og fyrirtækja að græða peninga er einnig hvetjandi að losna við að þurfa að borga peninga. Evrópusambandið hefur komið sér upp kerfi þar sem meng-

andi starfsemi þarf að kaupa sér mengunarkvóta. Með því á að nást hagrænn hvati, svo óskiljanlegt hagfræðimál sé talað, til að draga úr mengun.

Kerfið virkar í grunninn, en áður en því var komið upp gaf ESB út fjölda undantekninga til mikilvægrar starfsemi svo sem samgangna og landbúnaðar. Þá er verðið enn allt of lágt, að mati þeirra sem ræddu við okkur Berlínarfara.

Það er nú um stundir um 7 evrur á hverja einingu, en Ulrich Kelber, talsmaður þýskra jafnaðarmanna í umhverfismálum, og fleiri telja að það þurfi að verða 25 til 20 evrur ef markmiðin eigi að nást.


Enn hefur ekki skapast pólitískur vilji til að hækka verðið og leyfa markaðnum sjálfum að ráða því. Kerfið skilaði þó 350 milljónum evra í tekjur árið 2012 og búist er við því að árið 2013 komi 2 milljarðar evra í kassann vegna kaupa á kolefniskvóta.

Íþyngjandi ákvæði

Meðal þeirra tillagna sem verða ræddar á RÍÓ+20 fundi Sameinuðu þjóðanna í júní er hvort veita eigi Umhverfisstofnun Sameinuðu þjóðanna meira vægi. Hugmyndir eru uppi um að hún fái vald til að setja íþyngjandi ákvæði; verði yfirstofnun

Kolefniskvóti

Aðeins 40% af mengandi starfsemi í Evrópu bundin kerfinu



Olíuforði heimsins

Þrátt fyrir að reglulega finnist nýjar olíulindir er ljóst að um endanlegan orkugjafa er að ræða sem einn daginn klárast. Hér má sjá áætlað vinnanlegt olíumagn frá 1930 til 2050. Á sama tíma og olían minnkar fjölga íbúum jarðar, en reiknað er með að þeir verði 9 milljarðar árið 2050.

30 milljarðar tunna á ári

EINSTEINTURNINN

Á þriðja áratugnum var reistur turn til að rannsaka frekar afstæðiskenningu Alberts Einstein. Rannsóknir í umhverfismálum verða æ umfangsmeiri og í næsta nágrenni turnsins er að finna Potsdamer-stofnunina um rannsóknir í loftslagsmálum.

Grænn loftslagssjóður

Loftslagsráðstefnan í Kaupmannahöfn í desember 2009 er af mörgum talin misheppnuð þar sem ekki náðist samkomulag um bindandi aðgerðir fyrir ríki Sameinuðu þjóðanna í loftslagsmálum. Þar var hins vegar ákveðið að stofna Grænan loftslagssjóð (e. Green Climate Fund) til að styðja þróunarriki við að koma sér upp umhverfisvænni orkugjöfum og verða þannig ekki eins háð jarðefnaeldsneyti eða kjarnorku.

Ríki heims skuldbundu sig til að koma upp sjóði sem teldi 100 milljarða Bandaríkjadala árið 2020. Árið 2012 skyldu 30 milljarðar hafa skilað sér í hús, en nýjustu tölur benda til að ríki hafi skuldbundið sig til framlaga á milli 27 og 29 milljarða. Af þeim hafa þó aðeins 11,3 milljarðar verið lagðir inn á reikning sjóðsins.

Skilyrðin eru að um nýtt fé sé að ræða, þannig að ríki geti ekki fært til framlög frá öðrum umhverfistengdum málum og eyrnamerkt sjóðnum. Náist markmið hans er ljóst að þróunarrikin verða samvinnuþýðari þegar kemur að samningum um samdrátt í útblæstri gróðurhúsalofttegunda.

1930

1970

2010



FOSSBERG

IDNADARVÖRUR OG VERKFÆRI

FLEIRI FRÁBÆR TILBOÐ Á HEIMASÍÐUNNI OKKAR WWW.FOSSBERG.IS

Líttu við í Dugguvogi og fáðu þér kaffi og konfekt með okkur!

Slípirokkur WE 14-125 Quick
Vörunr. ME600372000

Verð: 21.995 kr.
áður 32.995 kr.

- 1400 wött
- 125 mm. skífa
- Án hraðastillingar
- 10.000 sn./min.
- M14 ró.



Bómullarhanski
Vörunr. EJ767

Verð: 248 kr.
áður 311 kr.

- Hlýr og þægilegur
- Einnig hentugur innanundirhanski
- Stærðir: 8 og 10



Gæðaskífur frá Flexovit

Skurðarskífur fyrir stál og ryðfrítt 125mm.

Vörunr. FLA66252829285 • 1,0mm.

Vörunr. FLA66252833018 • 1,6mm.

Verð: 199 kr.
áður 295 kr.



Spónsuga ASA1051

Vörunr. SR5121051


Verð: 83.995 kr.
áður 92.958 kr.

- Sogar 1140m³ / klst.
- Mótor 0,75kW / 230V



1927 • 85 ára • 2012

Fossberg ehf. • Dugguvogi 6 • 104 Reykjavík • Sími 5757 600 • Fax 5757 605 • fossberg@fossberg.is • facebook.com/FossbergEhf



umhverfismála í heiminum sem öll lönd þurfi að lúta.

Mörg öflug ríki, með Bandaríkin í broddi fylkingar, mega ekki heyra á það minnst. Með þessu þyrftu ríki heims í auknum mæli að gefa eftir sjálfsforræði í umhverfismálum; þeim væri beinlínist skylt að menga minna.

Wolfgang Obeland, talsmaður Evrópudeildar Alþjóðlega umhverfisstofnunar, sem er frjáls félagsamtök, segir að nauðsynlegt sé að breyta stofnanakerfinu. „Við verðum að hafa mælanleg markmið og gera ríki ábyrg fyrir að ná þeim. Ef það næst ekki þá þarf það að hafa einhverjar afleiðingar. Það eru allir sammála um að eitthvað verði að gera, en deilan stendur um hver á að borga.“

Obeland segir að möguleg niðurstaða alþjóðasamfélagsins verði að Umhverfisstofnunin verði yfirstofnun, en án heimilda til refsinga, ekki ósvipuð Mannrétindadómstólum. Verði sú raunin gætu farið að birtast dómur yfir ríkjum sem ekki tækju sig á í umhverfismálum. Ítrekað skal þó að málið er umdeilt og óljóst um afdrif þess.

Litli ég og svo þú

Ljóst er að umhverfismál eru mál næstu áratuga og raunar er það svo að öll mál eru umhverfismál. Hugmynd sjálfbærrar þróunar byggir á þremur stöðum; umhverfislegri, félagslegri og efnahagslegri.

Hugmyndir um grænt hagkerfi eru að ryðja sér til rúms. Obeland telur að eftir Ríó+20 muni liggja fyrir enn ein samþykktin um að grænt hagkerfi sé mikilvægt. Matthias Ruchser, upplýsingafulltrúi Þróunarstofnunar Þýskalands, bendir hins vegar á að græna hagkerfið sé til staðar, hvað sem pólitíkum finnst þar um.

Það sýni alls kyns gjöld í tengslum við umhverfið og fjöldi fólks greiði herra verð fyrir umhverfissvænar vörur. Þá eru uppi hugmyndir um að setja tolla á óumhverfissvænar vörur, en þær hafa enn ekki náð fram að ganga.

Ekki er laust við að tvíbentar tilfinningar geri vart við sig eftir intensíva fræðslu um umhverfismál Þýskalands og jarðarinnar allrar.

um 13 milljarðar tunna á ári

Kolbeinn Öttarson Proppé
kolbeinn@frettabladid.is



SÍÐASTA GREIN Í GREINAFLOKKNUM

2050

S A F T

GERÐU SAMKOMULAG VIÐ BARNIÐ UM NETNOTKUN Á HEIMILINU

Helmill og skóli www.saft.is

Hvers vegna loftslagsstefnu?

Þrjár staðreyndir:

Áskorun:


- Loftslagsbreytingar
- Orkuöryggi
- Efnahagsleg velferð

Lausnir:

- Aukin orkunýting
- Endurnýjanleg orka
- Græna hagkerfið

Niðurstaða:

- Samdráttur í útblæstri gróðurhúsalofttegunda
- Tryggari framtíð sjálfbærrar orku
- Grænn vöxtur



Vandamálin eru þekkt, viljann til að leysa þau skortir. Ennþá.

Hins vegar fyllir það mann von og bjartsýni að sjá hve margir eru að vinna í lausnunum. Þá er þeirra farið að sjá stað í alþjóðlegum samþykktum að einhverju leyti. Það mun bara aukast.

Niðurstaðan er að þetta stendur upp á litla mig og einnig þig lesandi góður, við þurfum að taka til í okkar eigin garði og þó það leysi ekki orkuvandamál Sunnan Sahara verðum við að haga okkar innkaupum og úrgangsmálum þannig að sótspor okkar verði sem minnst. Það erum við

og enginn annar sem tekur ábyrgð á okkar málum og þar til stjórnvöld þessa heims skynja að svo er verðum við að standa undir þeirri ábyrgð. Alþjóðasamfélagið er að átta sig og við skulum ekki vera sjálf svo svifasein að við flókna stofnanakerfi Sameinuðu þjóðanna verði léttara í vöfum en við sjálf. Munum það í búðinni, í fríinu, á morgnana þegar við veljum fararmátann og á kvöldin þegar höfuðið lagst á koddann hvort sem hann er úr gerviefnum eða náttúrulegum.

Við eigum aðeins eina jörð. Eigum hana áfram.

Sparaðu fyrir þínum fyrstu íbúðarkaupum

Með reglubundnum sparnaði þar sem lagðar eru fyrir að lágmarki 10 þúsund krónur á mánuði í tvö ár fá þeir sem taka íbúðalán hjá Arion banka:

- 50% afslátt af lántökugjöldum
- Frítt greiðslumat
- Innflutningsgjöf, í formi gjafakorts

Kynntu þér málið á www.arionbanki.is/ibudarsparnadur og reiknaðu dæmið út frá eigin forsendum.

 Arion banki



Anna Guðný og Örn keyptu sína fyrstu íbúð eftir að hafa lokið háskólanámi í Danmörku. Þau tóku lán hjá Arion banka og nutu ráðgjafar frá starfsfólki bankans.

arionbanki.is – 444 7000

Atvinnuleysi hefur ekki mælst minna síðan 2008.

Langtímaatvinnuleysi gefinn gaumur

Eftir langt skeið þar sem atvinnuleysi var nánast óþekkt á Íslandi skall það á af þunga veturinn 2008 til 2009. Þann vetur fór hlutfall atvinnulausra á Íslandi úr þeirri nánast óraunverulegu tölu 1,3 prósent í september 2008 í 9,1 prósent í febrúar 2009. Ári síðar náði atvinnuleysi á Íslandi hámarki og var 9,3 prósent í febrúar og mars 2010.

Síðan þá, eða í rúm tvö ár, hefur dregið úr atvinnuleysi hægt og bitandi, þ.e. að teknu tilliti til árstíðabundinna sveiflna. Fyrir helgi búrast þær fréttir að hlutfall atvinnulausra sé nú lægra en það hefur verið í rúm þrjú ár en atvinnuleysi mældist 6,5 prósent í apríl sem leið. Búast má við að enn dragi úr atvinnuleysi fram um mitt sumar en þá benda líkur

til þess að það muni aukast á ný en miðað við þróun liðinna ára má vonast til að atvinnuleysistoppurinn verði í vetur lægri en í fyrra, eins og veturinn í fyrra var skárri en veturinn áður og sá vetur skárri en veturinn á undan.

Bölsýnisspár fyrri ára um að við ættum eftir að sjá það versta í atvinnumálum hafa ekki gengið eftir, og munu vonandi ekki ganga eftir. Atvinnulífið er í sókn, jafnvel þótt það henti ekki alltaf þeim sem því stýra, hvað þá heldur stjórnarandstöðinni, að halda því á lofti.

Atvinnuleysishlutfall um 7 prósent er þó engan veginn ásættanlegt. Gissur Pétursson forstjóri Vinnuálastofnunar bendir í frétt hér í blaðinu á föstudag á að hlutfall langtímaatvinnulausra hafi verið að aukast og að það sé hópurinn sem brýnast sé að aðstoða. Minnkandi atvinnuleysi nær þannig að því er virðist ekki til þessa hóps.

Reglulega berast fréttir af því að fyrirtæki auglýsi störf í byggðarlögum þar sem atvinnuleysi ríkir en fáar umsóknir berast. Þetta er mikið áhyggjuefni og bendir til þess að menning atvinnuleysis sé orðin of sterk. Í frétt blaðsins í gær segir Gissur Pétursson meðal annars: „...það er engin endurhæfing eftir tímabil án vinnu jafn árangursrík og það að vera í vinnu. Og þó mönnum bjóðist kannski ekki draumastarfið er mikilvægt að taka það sem er í boði og halda áfram leitinni úr stöðu vinnandi manns.“

Sem betur fer virðist hér á landi ríkja meðvitund um mikilvægi þess að koma í veg fyrir að fólk festist í gildru langtímaatvinnuleysi. Þannig var í desember síðastliðnum skrifað undir yfirlýsingu um samstarf Samtaka atvinnulífsins, Alþýðusambands Íslands, Sambands íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborgar, BSRB og ríkisstjórnarinnar. Átakið hófst í ársbyrjun og hafa aðgerðir í þágu langtímaatvinnulausra forgang. Um mitt ár mun væntanlega koma í ljós hversu vel þessar aðgerðir hafa skilað sér.

Langtímaatvinnuleysi er nýr vandi á Íslandi en reynsla fjölmargra grannþjóða, þar sem atvinnuleysi hefur búið um sig kynslóð fram af kynslóð, sýnir mikilvægi þess að vinna á vandanum áður en það grefur enn frekar um sig. Það er eitt af stóru verkefnum samfélagsins.

FRÉTTABLAÐIÐ

ÚTGÁFUFLAG: 365 miðlar eht. STJÓRNARFORMADUR: Ingibjörg S. Pálmadóttir FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI: Ari Edwald RITSTJÓRI: Ólafur P. Stephensen olafur@frettabladid.is AÐSTODARRITSTJÓRI: Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. ISSN 1670-3871

FRÁ DEGI TIL DAGS

Kynning, nei takk

Gunnar Bragi Sveinsson, formaður þingflokks Framsóknarflokksins, mætti ekki á kynningarfund ríkisstjórnarinnar um fjárfestingaáætlun ríkisstjórnarinnar fyrir næstu þrjú ár. Í samtali við Fréttablaðið sagði hann ótækt að ekki hefði verið haft samstarf við Framsóknarflokkinn um málið og fjarveru á kynningarfundinum útskýrði hann með því að engin ástæða væri til að fara á kynningu þar sem verið væri að kynna „kosningaplagg“. Nokkuð skýrt, engin þörf á að ræða áætlunina.



Þingumræða, já takk

Það er því sérkennilegt að sjá að nefndur Gunnar Bragi og kollegi hans hjá Sjálfstæðisflokknum, Ragnheiður Elín Árnadóttir, hafa beðið um þingumræðu um áætlunina. „Það er mjög mikilvægt að þetta mál komist sem fyrst á dagskrá,“ sagði Gunnar. Af hverju þarf þingið að ræða „kosningaplagg“ eins og Gunnar Bragi hefur sjálfur kallað það? Kannski af því að það tekur tíma?



Óskabarn AGS

Ja bittenú. Steingrímur J. Sigfússon var á árum áður einn ötulasti gagnrýnandi Alþjóðagjaldeyrissjóðsins (AGS) og þeirrar stefnu sem þar er viðhöfð. Í gær upplýsti hann í Silfri Egils að hann væri svo mikils metinn hjá sjóðnum að hann hefði verið beðinn um að taka tímabundið við umsjón málefna sjóðsins í Grikklandi, en hann hafi afþakkað pent. Hver hefði trúað því fyrir nokkrum árum að Steingrímur yrði óskabarn AGS?

kolbeinn@frettabladid.is

SKOÐUN

Steinn Stefánsson steinn@frettabladid.is



til þess að það muni aukast á ný en miðað við þróun liðinna ára má vonast til að atvinnuleysistoppurinn verði í vetur lægri en í fyrra, eins og veturinn í fyrra var skárri en veturinn áður og sá vetur skárri en veturinn á undan.

HALLDÓR



Ráðherrann og samræðugenin

Náttúruvernd



Óðinn Sigþórsson formaður LV og varaform LLÍ

Svandís Svavarsdóttir umhverfisráðsherra skrifaði einkar athyglisverða grein í Fréttablaðið sl. fimmtudag sem bar yfirskriftina „Leitin að samræðugeninu“. Þar setti hún fram þá kenningu, að það vantaði samræðugenin í Íslendinga. Taldi umhverfisráðherra að þetta væri bagalegt fyrir stjórnsýsluna þegar marka þarf stefnu í hinum ýmsu málaflokkum.

Ég held að þarna hafi ráðherrann algjörlega hitt naglann á höfuðið. Þetta er nefnilega lýsandi fyrir reynslu okkar landeigenda af samskiptum við umhverfisráðuneytið. Tilfinnanlegur skortur á samræðugenum innan ráðuneytisins hefur gert það að verkum, að við undirbúning frumvarpa sem snerta ríka hagsmuni landeigenda, hefur ekki tekist að neinu marki, að eiga samræður við ráðherrann eða starfsmenn hennar.

Nú liggur fyrir Alþingi frumvarp til breytinga á lögum um náttúruvernd, sem lýtur m.a. að ákvæðum um umferðarétt landeigenda innan eignarlanda á vélknúnum ökutækjum. Í frumvarpinu eru réttindi landeigenda til að fara um eigið land á ökutækjum lögð á jöfnu við rétt almennings til umferðar innan eignarlanda. Við höfum reynt að ná eyrum ráð-

herrans til að eiga samræður við hana um að ekkert liggur fyrir um að landeigendur séu að skemma eignarlönd sín með torfærakstri, jafnframt því sem við hvetjum til að löggjafinn setji markviss ákvæði í lög sem geti komið í veg fyrir skemmdir á hálendinu vegna aksturs ökutækja.

En skortur á samræðugenunum hefur valdið því, að við undirbúning frumvarpsins fóru engar samræður fram við landeigendur, né samtök þeirra. Þvert á mót virðist allt kapp hafa verið lagt á að ræða þessi mál ekki við okkur. Svo rammt kveður að þessum títtnefnda samræðugenaskorti, að þegar fulltrúar Landssamtaka landeigenda voru kvaddir fyrir umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis, var beinlínis tekið fram, að þetta ákvæði frumvarpsins væri ekki til umræðu. Nú er það svo, að hjá umhverfisráðuneytinu og undirstofnunum þess vinna um 500 manns (tölur frá utn. ESB). Ef samræðugenin vantar nú í þetta fólk, þá er ekki nema von að stjórnsýslan sé í þeim vanda sem við blasir. Það er því verðugt verkefni fyrir ráðherrann að fara nú að rækta samræðugenin með sjálfri sér og starfsmönnum sínum áður en hugað er að frekari smíðum frumvarpa sem ganga freklega á réttindi landeigenda.

TILBOÐ!

SÓLARHRINGSTILBOÐ - HEFST Á HÁDEGI

London

Verð frá:

14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

Ferðatímabil: 1. júní-4. júlí 2012



Iceland Express

-lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

Hinn ómissandi óþarfi



Í DAG
Guðmundur Andri Thorsson
rithöfundur

Listahátíðin í Reykjavík var Lalltaf stórvíðburður í lífi föður míns. Hann hafði til að bera einhvers konar ofurnæmi á list og skynjaði af alefli hvern einasta viðburð þessarar hátíðar – hann varð djúpt snortinn af því sem honum þótti mikil list og bölsótaðist yfir hinu sem honum þótti vera loddaraskapur, var aldrei sama, yppti aldrei öxlum yfir neinu. Hann var listtrúar og hvers kyns kaldhæðni eða geispar kringum list var eitru í hans beinum. Þegar hann sótti listviðburð var hann að fara í kirkju, nálgast helgidóm.

„hið fullkomna er ómetanlegt“
Ég veit ekki hversu oft hann vitnaði í setningu Kjarvals – kannski einu sinni í viku: „Viðleitnin er borgunarverð en hið fullkomna er ómetanlegt“, og skildi hana sínum skilningi: að allir ættu vissulega erindi upp á dekk og skilið að viðleitni þeirra væri metin en sjálf listin væri í upphæðum og ljómaði þar óumræðilega. Hann var sem sé elftisti, hikaði ekki við að skipta listrænni starfsemi fólks í „viðleitni“ og „List“. Þetta þykir ekki framsækið viðhorf á okkar dögum þegar einhvers konar jafnaðarkrafa ríkir og það

heyrir til grundvallarréttinda hvers listamanns að vera metinn á eigin forsendum, eins og það er kallað, og hægt er að kæra slæma dóma til Persónuverndar.

En þessi djúpa, fjálga, nánast trúarlega og svolítið bernska aðdán á mikilli list: var hún ekki eindregnari í gamla daga? Ég veit það ekki. Þjóðin var einhvern veginn opnari og minna tortryggin; fannst ekki búíð að plata sig jafn mikið upp úr skónum og nú. Maður kom í Laugardalshöllina – sem manni þykir æ flottari eftir því sem fjólgar nýjum húsum – og það var eitthvað óumræðilegt í loftinu; stórvíðburður í bæjarlífinu; Listviðburður með viðurkenndum og alþjóðlegum Snillingi. Allir læddust inn með eftirvæntingarfullu hátíðarfasi, í sparifötunum og hvísluðust á og í hléinu kinkaði fólk íbyggið kalli hvert til annars og skiptist á andvörpum um mikilfengleik hins erlenda Snillings og þessarar stundar sem geymast myndi í minninu ævina á enda. Og þannig var það: við munum gamla tónleika nótu fyrir nótu og getum farið þangað aftur í huganum og upplifað allt saman á ný allt til loka þegar klappið breiddist út um Laugardalshöllina eins og allt fólkið þarna inni hefði eina vitund.

Þannig var það. Þannig virkar listin á fólk. Orkan þéttist í loftinu og fellur síðan yfir viðstadda eins og ósýnilegt og blíðlegt regn; allt verður kærleikur. Listin hrærir geðið ef við gætum þess að halda því opnu en

brynjum okkur ekki með kaldhæðni eða þeirri hugmynd að við höfum séð og lifað þetta allt áður – eða því viðhorfi að þetta sé ekkert fyrir okkur, annað sé okkur ætlað.

Listin á tímum fáhyggjunnar
Því okkur er meira skipað niður í hölf en í gamla daga þegar Reykjavík var eindregnari smábær og einstaklingar þurftu að gegna mörgum og ólíkum hlutverkum til að halda hér gangandi nútímasamfélagi:

“ Og þannig var það: við munum gamla tónleika nótu fyrir nótu og getum farið þangað aftur í huganum og upplifað allt saman á ný allt til loka þegar klappið breiddist út um Laugardalshöllina eins og allt fólkið þarna inni hefði eina vitund.

og löngunin var svo sterk að fá hlutdeild í ævintýrum heimsins. Núna er fólk rekið í kvíar sem erfitt getur verið að brjótast út úr, þar sem maður þarf að gerast áskrifandi að einhverjum pakka lífsviðhorfa og áhugamála. Maður getur ekki hlustað á Schubert ef maður er Manchester United aðdáandi. Stundum er talað um að við lifum á tímum fjölhyggjunnar. Kannski – lífsviðhorfin eru í hillum stórmarkaðanna, búddatrú við hliðina á hindúasið hinum megin við

álfatrú, Moonisma, Guðsbörn og kristindóm og þetta „eitthvað“ sem fólk segist stundum trúa á – en það hvarflar samt stundum að manni að við lifum á tímum fáhyggjunnar. Við erum enn ekki alveg laus við minimalismann sem fór með notagildis-meinlokuna út yfir öll vel-sæmismörk. Hann er enn alls staðar: í nýja níska norræna eldhúsinu þar sem eitthvert frauð er á miðjum diskunum og er úr sveskjugraut, sviðum, njóla og marhnút en bragðast

ur augað en bara eitthvað sem hryggir það því öllum óþarfa hefur verið úthýst – óþarfa á borð við fegurð. Við heyrum hann í músikinni þar sem þrástast er á fábrotinni laglínunni út í hið óendanlega og öllum óþarfa hefur verið úthýst – óþarfa á borð við mennsku. Við sjáum hann í list sem stefnir að hreinleika og úthýsir öllum óþarfa. Óþarfa á borð við list.

Í hvað notar maður list? Ekkert. Hún er ekki til neins. Hún er fánýt. Það er hugsanlega alveg hægt að lifa án listar – en þá þarf það að vísu að vera fagurt og gott líf. Hið dásamlega og hið varhugaverða við listina er að hún er ekki til neins. Hún hefur fólgið notagildi sitt í sjálfri sér. Þorsteinn Gylfason sagði þá frægu setningu einu sinni: menning er það að gera hlutina vel. Kannski má þrjóna við þetta og segja: List er það að gera hlutina óþarflega vel. List er það sem bætir óþarfanum við verk og hluti. Það þarf kannski að mála vegg. List er það að mála vegginn óþarflega vel; gera eitthvað úr verkinu sem fær gildi sitt af sjálfu sér, hvort sem maður afræður að sletta á vegginn eða maka hann ólífuólú eða þekja hann blómamynstrum ...

Sem sagt óþarfi. Hinn ómissandi óþarfi. Og nú streyma hingad erlendir snillingar. Volodos í gærkvöldi og þannig áfram; stórvíðburðir á hverju degi. Sjálfan er mig farið að lengja eftir jazz-snillingnum Keith Jarrett en það stendur eflaust til bóta. Gleðilega hátíð!

Nýja háskólasjúkrahúsið – kjarni málsins

Nýr Landspítali

Sighvatur Björgvinsson
fv. ráðherra



Umræðan um risabyggingu nýs spítala í miðbæ Reykjavíkur er hafin. Halldór Laxness orðaði umræðuhefð Íslendinga á þá leið, að þeir deildu helst um tittlingaskít og aukaatriði en setti gjarna hljóða þegar komið væri að kjarna máls. Og hver er kjarni málsins? Er það aðkoman, bílastæðin, steinsteypumagnið, hæð bygginga, niðurgrafna kjallararýmið, fækkun starfsstöðva, ávöxtunarvandi líffeyrissjóða, þarfir byggingaríðnaðar, arkitektúr, grenndarsjónarmið, útsýni – eða að láta skuldsetta þjóð kosta sína dýrustu framkvæmd með 100% lánnum eins og komið hafa þúsundum heimila sömu þjóðar í þrot? Ekkert af þessu er kjarni málsins – þó mikilvægt sé. Kjarninn er í fyrsta lagi: Hvað er ætlunin að byggja? Í öðru lagi: Hver er áætlaður kostnaður við framkvæmdina; fjárfesting, mönnun, búnaður OG REKSTUR? Í þriðja lagi: Hvaða áhrif á aðra heilbrigðisþjónustu munu áformaðar framkvæmdir hafa?

Hvað á að byggja?

1. Hvað á að byggja? Í 1.mgr. 20. gr. laga um heilbrigðisþjónustu, sem sett voru á bóluárið 1997 segir: „Landspítali er aðalsjúkrahús landsins og háskólasjúkrahús“. HÁSKÓLASJÚKRAHÚS? Slíkt heiti höfum við ekki áður séð í landslögum. Er ætlunin að byggja slíkt sjúkrahús? Er vinsamlega hægt að fá svar við því?

2. Hvað er háskólasjúkrahús? Samkvæmt sömu lögum á slíkt sjúkrahús að vera: „Sjúkrahús,

sem veitir þjónustu í nær öllum viðurkenndum sérgreinum í læknisfræði og hjúkrunarfræði með áherslu á rannsóknir, þróun og kennslu.“ Slíkt sjúkrahús höfum við ekki á Íslandi. Er ráðgert að byggja utan um slíka stofnun? Er vinsamlegast hægt að fá svar við því?

3. Í sömu ákvæðum sömu laga er sagt, að þetta háskólasjúkrahús eigi jafnframt „að veita háskólamenntuðum starfsmönnum sérmenntun í heilbrigðisgeirum.“ Við höfum þurft að sækja langa og dýra sérmenntun í flestum sérgreinum heilbrigðisþjónustu til útlanda. Samkvæmt tilvitnuðum lögum á að sjá fyrir þeim þörfum hér innanlands. Er það umbúðir utan um slíka starfsemi, sem á að reisa? Er vinsamlegast hægt að fá svar við því?

Hverju þarf til að kosta?

Fáist svörin og séu þau í anda laganna þá vakna að sjálfsögðu spurningar í framhaldi af því – spurningar, sem eðlilegt er að fá svör við. Áætlanir um sjálfan byggingakostnaðinn liggja fyrir og hafa verið birtar. Ég hef enga þekkingu til að gagnrýna þær. Tek þær sem trúverðugar. En hvað um kostnaðinn við að koma á fót stofnun eins og þeirri, sem landslögin ákveða?

1. Núverandi tækjabúnaður Lsp er sagður vera úreltur og að hrúni kominn. Mestallan þann búnað þarf því að endurnýja auk þess sem kaup þarf mikið af dýrum viðbótarbúnaði eigi sjúkrahús, sem veita á þjónustu í nær öllum sérgreinum í læknisfræði, að standa undir nafni. Hafa verið gerðar áætlanir um þann búnað? Hver er kostnaðurinn? Á líka að taka 100% lán til þeirra? Varla er ætlunin að láta alla steinsteypunu standa tóma.

2. Mikil fækkun hefur orðið í starfslöðu Lsp vegna skorts á fjár-

munum til þess að borga laun. Með risi stofnunar, sem á að sinna þjónustu í nær öllum sérgreinum læknisfræði og hjúkrunarfræði auk framhaldsmenntunar sérfræðinga í þessum greinum verður að fjölga mjög starfslöðu. Hvaða áætlanir liggja fyrir um mannaflabörf og hvað mun það kosta? Varla á steinsteypan að standa bæði tóm og mannlaus. Á kannski líka að taka 100% lán fyrir því?

3. Sú þumalfræðisregla er sögð gilda, að á bak við stofnun af því tagi sem lögin frá 1997 mæla fyrir um þurfi eina milljón manns. Nú eru á Íslandi aðeins búandi um 1/3 hluti þess mannafla. Á þá að koma tilætluðu innihaldi í steinkistuna í áföngum meðan beðið er eftir að þjóðin fjölgi sér þrefalt?

Hver verða áhrifin?

Hvað sem því líður þá er morgunljóst, að vegna umfangsins mun stofnunin frá upphafi þurfa á öllum sjúklingum að halda, sem þarfnast aðgerðameðferðar á sjúkrahúsi. Hvað er þá ætlunin að gert verði við sjúkrahúsin á Selfossi, á Akranesi, í Stykkishólmi, á Ísafirði, á Sauðárkróki, á Blönduósi, á Akureyri, á Húsavík og í Neskaupstað? Er þeim öllum saman ætlað að enda eins og Jósefsspítalinn í Hafnarfirði? Í auðn og tóm? Slíkt hlýtur að vera óhjákvæmilegt – ella er ekkert vit í ætlunargerðinni. Einhver áform þessu viðvíkjandi hljóta að vera til í viðkomandi ráðuneyti. Í anda slíkra áforma hljóta menn að vera að starfa. Þarf ekki að segja frá því áður en öll steinsteypan hefur verið keypt því eftir það er engu hægt að breyta?

Þessar spurningar eru kjarni málsins að mínu viti. Ýmis önnur atriði eru mikilvæg – en þetta er kjarninn. Má biðja þess að um hann sé líka rætt – eða setur menn áfram hljóða?



SJÓMANNADAGURINN

GLÆSILEGT
SJÓMANNAHÓF

laugardaginn 2. júní 2012

Grand hótel-Gullteigur

Húsið opnar kl. 19:00

Reynir Sigurðsson spilar á píanó

Borðhald hefst kl. 20:00

MATSEDILL

Forréttur: Kremuð humarsúpa með kryddjurtaþjóma

Aðalréttur: Hægeldað lambalæri ásamt ofnbakaðri kartöflu og villisveppasösu

Eftirréttur: Heit Grand súkkulaðikaka með vanilluís og tonkapiparsösu ásamt kaffi/te

Veislustjóri:

Brynja Valdís Gísladóttir, leikkona og skemmtikraftur

Skemmtikraftar:

Ari Eldjárn

Jóhannes Kristjánsson, eftirherma

Hljómsveitin Hafrót leikur fyrir dansi til kl. 2:00

Miðaverð kr. 8.200



Miðasala hjá Grand hótel dagana 24.-25. maí og 29. maí - 1. júní frá kl. 14:00-16:00 í síma 514 8000. Einnig hjá: asgeir@sjomannadagsrad.is



JOHN GIELGUD leikari lést þennan dag árið 2000
„Áður en þú getur gert eitthvað verður þú að vera eitthvað.“



Kóralbrúðkaup

Listahjónin og foreldrar okkar
Eydis Ólafsdóttir
og
Bergur Thorberg

fagna 35 ára brúðkaupsafmæli sínu
í dag 21. maí 2012.

Til hamingju og njótið dagsins.
Elma, Nótt, Eydis Eva
og fjölskyldur.

PETTA GERÐIST: 21. MAÍ 1927

Lindbergh flýgur í metabækurnar

Á þessum degi árið 1927 lauk fyrsta beina fluginu yfir Atlantshafið. Bandaríski flugmaðurinn Charles Augustus Lindbergh tókst á hendur það verkefni að fljúga flugvél sinni frá New York til Parísar án viðkomu og ruddi þar með brautina fyrir flugmenn framtíðarinnar.

Boðið var upp á peningaverðlaun til þess sem afrekaði flugferðina. Lindbergh tókst að finna sér fjárhagslega bakhjarla fyrir verkefnið og lagði af stað á einþekjunninu Spirit of St. Louis. Flugíð tók hann 33 og hálf klukkustund og lenti hann þennan dag í París. Á einni nóttu varð hann hetja

beggja vegna Atlantshafsins og þekktur í flestum kimum heimsins.

Frægðin tók þó sinn toll því um níu árum eftir flugið var syni Lindberghs rænt af heimili fjölskyldunnar og hann myrtur.

Lindbergh starfaði alla tíð í flugvélabransanum. Hann var ráðgjafi flugfélaga og flugvélaframleiðenda, auk þess sem hann var flugmaður í bandaríska hernum á meðan síðari heimsstyrjöldin stóð sem hæst. Lindbergh tók svo upp á því á efri árum að rita bækur um reynslu sína af flugmennsku.



HALLMAR SIGURÐSSON ER SEXTUGUR Í DAG: FRESTAR VEISLUHÖLDUM AÐ SINNI

Ég og leikhúsið erum í fjarbúð

Hallmar Sigurðsson er sextugur í dag. Hallmar starfar sem framkvæmdastjóri Arkitektafélags Íslands en þar hóf hann störf í kjölfar þess að hann lauk meistaranámi í menningarstjórnum frá Háskólanum í Bifröst.

Áður starfaði Hallmar sem stjórnandi Útvarpsleikhússins, hann stýrði Borgarleikhúsinu á árunum 1987 til 1991 og allt frá því að hann sneri til Íslands að loknu námi í Svíþjóð hefur hann leikstýrt fjölda leiksýninga hér á landi og erlendis.

En hvað kom til að hann söðlaði um? „Mér bauðst þetta starf og ákvað að slá til. Arkitektúr hefur alltaf verið áhugamál mitt. Ég var í leikhús- og listfræðinámi í Svíþjóð á áttunda áratugnum og áhugasvið mitt í listfræðinni var byggingarlist. Ég hef allar götur síðan fylgst með og svo er ég líka kvæntur arkitekt,“ segir Hallmar sem sér um samkeppnisstarfsemi félagsins. „Hún lagðist nánast af eftir hrun, enda varð engin stétt fyrir jafn alvarlegum skakkaföllum og arkitektar. Samkeppnisstarfsemi er sem betur fer að komast af stað aftur. Samkeppnishald er kjarninn í faglegri umfjöllun arkitektúrs bæði lærðra og leikra og lykll ungra arkitekta í að koma sér á framfæri. Samkeppnir eru vænlegasta leiðin til að allir fái að sitja við sama borð gagnvart verkefnum.“

Drátt fyrir að standa utan við íslenskt leikhúslíf um þessar mundir fylgist Hallmar vel með íslensku leikhúsi. „Það má kannski segja að við leikhúsið séum í fjarbúð. Ég sæk leikhús að áhuga og verð ekki síður fyrir áhrifum nú en fyrr. Og mér finnst ég hafa haft af því gagn fyrir minn leikhúsþroska að stíga út úr dansinum og skoða leikhúsið utan frá,“ segir Hallmar sem er ánægður með það hversu marga góða listamenn er að finna í íslensku leikhúsi. „Það er engin spurning að við eignum mikið af gríðarlega góðu leikhúsfólki. Vitanlega er langt því frá að allt sé framúrskarandi – enda væri fátíðlegt að ætlast til þess. Íslenskt leikhús er oft skemmtilega uppáfinningasamt en um leið finnst mér oft skorta á dýpt í því. Fólk gefur sér ekki tíma til þess að kafa til botns í hverju verkefni fyrir sig og það á kannski við um íslenskt samfélag yfirleitt. Við vinnum það mikið að okkur gefst ekki tækifæri til þess að staldra við í því sem við erum að fást við. Þessa verður vart í íslensku leikhúsi, stundum eru sýningar eins og frísklegar og djarfar skissur að einhverju sem



AÐ NÁ VOPNUM SÍNUM Hallmar Sigurðsson ætlar að vera að heiman á sextugsafmælinu sem er í dag.

hefði getað verið svo miklu betra, þó að vissulega takist oft afar vel til.“

Hallmar hefur samanburðin við útlönd, hann hefur leikstýrt erlendis, meðal annars í Slóveníu þar sem hann hefur á undanförunum árum leikstýrt, kennt og tekið þátt í námskeiðum síðan hann rakst þangað fyrst. „Upphaflega var mér boðið þangað oft og þótt forvitnilegt og skemmtilegt. Það heillar mig mjög hvað landslagið þar er fjölbreytt og hversu vel menntuð þjóðin er. Slóvenar vita almennt miklu meira um Ísland en Íslendingar um Slóvena. Og öfugt við Íslendinga sem leita mjög ákaft að því sem gerir þá stóra þá eru Slóvenar forvitnari um umheiminn, það er lengra í þjóðhyggju þar en hér,“ segir Hallmar sem hefur þó haldið sig á landinu

undanfarið ár, enda glímt við alvarleg veikindi.

„Ég var skorinn upp við krabbameini fyrir ári síðan og er að ná vopnum mínum,“ segir hann yfirvegaður. Talið berst að afmælisdeginum sjálfum – á að þjóða til veislu? „Ég ætla reyndar að vera að heiman og eiga veisluna til góða þegar komið er aðeins meira sumar í garðinn minn,“ segir Hallmar sem segist varla trú þá að hann sé að verða sextugur – og bætir við kankvíslega að aldur sé afstæður. „Það er svo sem ekkert sem er jafn auðvelt að mæla eins og aldur. En ég held samt að það sé mjög afstætt hvernig við eldumst með tilliti til þess við hvað við fáumst, hverja við umgöngumst og í einhverjum skilningi hversu duglegur maður er að endurnýja sig. Ég er að minnsta kosti duglegur að sannfæra sjálfan mig um að svo sé,“ segir Hallmar að lokum.

sigridur@frettabladid.is



Elskuleg systir okkar, uppeldissystir og mágkona,

ELSA STEINA ÞORSTEINSDÓTTIR

lést á Hjúkrunarheimilinu Seljahlíð fimmtudaginn 10. maí. Útförin fer fram frá Seljakirkju miðvikudaginn 23. maí kl. 13.00.



Margrét J. Þorsteinsdóttir
Guðbjartur B. Þorsteinsson
Guðný Hrönn Þorsteinsdóttir
Erla Gísladóttir
Unnur Inga Karlsdóttir
og fjölskyldur.

Ásrún Heiðarsdóttir
Sævar Júníusson
Ársæll Kr. Ársælsson
Davíð Bjarnason



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð, hlýhug og vináttu við andlát og útför eiginmanns míns, föður okkar, tengdafaður, afa og langafa,

HAFSTEINS GUÐMUNDSSONAR

Suðurgötu 8, Keflavík.

Hugheilar þakkir sendum við starfsfólki Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja og starfsfólki Hjúkrunarheimilisins Hlévangs fyrir góða umönnun og hlýhug.



Jóhanna Guðjónsdóttir
Hafdis Hafsteinsdóttir
Haukur Hafsteinsson
Svala Hafsteinsdóttir
Brynja Hafsteinsdóttir
Sigrún Hafsteinsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Póra G. Gísladóttir
Magnús Björn Magnússon
Skúli Jónsson
Björn Pétursson



Ástkær eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir, afa og langafi,

KEN C. AMIN

(ÁRNI ÁRNASON)

Kópavogsbraut 47, Kópavogi,

er látinn. Útför hans verður auglýst síðar. Fyrir hönd aðstandenda,



Sigurbjörg Jónsdóttir
Aron Árnason
Ervin Árnason
Anita Árnadóttir
Örn Árnason
Orri Árnason

Sigríður Elín Þorkelsdóttir
Dagbjört Sigfinnsdóttir
Sigurjón Páll Kolbeins
Margrét Póra Einarsdóttir
Fanney Elín Ásgeirsdóttir



Ástkær fósturmóðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

SELMA BÖÐVARSDÓTTIR

áður til heimilis að Hjallabraut 33,

sem andaðist á Hjúkrunarheimilinu Hrafnistu í Hafnarfirði 13. maí, verður jarðsöngin frá Víðistaðakirkju í Hafnarfirði, fimmtudaginn 24. maí klukkan 13.00.



Sigríður Björgvinsdóttir
Guðný Björgvinsdóttir
Stefán Björgvinsson
Anna Nina Stefnsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.

Hulda Karen Ólafsdóttir



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa, langafi og langalangafi,

MAGNÚS BERG BERGSTEINSSON

Dalbraut 27, Reykjavík,

er lést mánudaginn 14. maí, verður jarðsöngin frá Fossvogskirkju föstudaginn 25. maí kl. 13.00.



Fyrir hönd aðstandenda,
Gunnhildur S. Magnúsdóttir
Sigrún Magnúsdóttir
Sigríður Bergdís Magnúsdóttir
G. Hafsteinn Hjaltason
Sigríður Oddný Jansen

AFMÆLISBÖRN



GUÐNÝ BJÖRK EYDAL
prófessor við HÍ er 50 í dag



ANDRÍ FREYR VÍÐARSSON
útvarpsmaður er 32 ára í dag



JÓHANN INGI GUNNARSSON
sálfræðingur, er 58 ára í dag

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli og útfarir má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

FÓLK

KYNNINGARBLAÐ



GOTT HÚSRÁÐ
Kaffisopinn er alltaf góður en kaffið litar og fyrir en varir er komin gul skán í uppáhaldsbollann. Til að losna við hana er bollinn settur í klórvatn yfir nótt. Hann er svo þveginn eins og venjulega og mun eftirleiðis glansa að innan.

Lítið hringlótt og uppfullt af möguleikum. www.weber.is



DRAUMURINN UPPFYLLTUR

LAGHENT Soffía Dögg Garðarsdóttir, blómaskreytir, hefur lengi dundað sér við að breyta og skreyta heimili sitt. Hún er uppfull af hugmyndum og deilir þeim með fjölda lesenda á heimasíðunni sinni, Skreytum hús.is.

Stofán á heimili Soffíu Daggar á Álftanesi skartar fallegum arni en hana hafði lengi dreymt um að eignast einn slíkan. „Arinn og það sem er á honum er samansafn hluta sem eru í uppáhaldi hjá mér. Spegilinn fyrir ofan hann fann ég í Góða hirðinum. Ég spreyjaði hann svartan og bjó til svona „franska glugga“ í hann með því að nota svart rafmagnslímband. Mér finnst spegillinn og arinn eiga svo vel saman,“ segir Soffía.

Hún segir auðvelt að skipta út hlutum á arninum og gerir það reglulega. „Ég er nýbúin að skipta út á honum núna. Skiltið notaði ég sem byrjunarpunkt í þessari uppröðun og þar sem það er svo hátt setti ég lítinn gegnsæjan kúpul fyrir framan hann. Inni í kúplinum er lítill bambi sem ég er nýbúin að fá en ég var svo heppin að fá hann að gjöf. Á arninum eru líka myndir af börnunum mínum og orkídea sem mér finnst svo fallegt blóm. Inni í arninum sjálfan set svo ég bara kerti.“

Soffía heldur úti öflugum bloggi, skreytumhus.is, og þar sýnir hún hugmyndir sínar og það sem hún er að gera. Hún fær hugmyndir hvaðanæva að en segir það þó ekki heppilegt að leggja af stað með það í huga að finna eitthvað ákveðið því þá finnst það einmitt ekki. „Þegar ég fann spegilinn minn var ég alls ekki að leita að spegli. Þegar ég sá hann höfðaði lögun hans til mín en ég fattaði ekki strax hvað væri hægt að gera með hann. Ég var meira að segja komin heim og sneri við aftur til að kaupa hann.“

Soffía hefur ekki bara verið að breyta og bæta eigið heimili því hún tekur að sér ýmis verk, til dæmis að breyta herbergjum og skreyta fyrir veislur en hún er lærður blómaskreytir. „Ég byrjaði með bloggið mitt bara fyrir mig og mína



nánustu að skoða. Núna er það orðið svo stórt að á Facebook eru póstarsnir mínir að ná til allt að 7.500 manns. Ég er jafnvel að velta fyrir mér að stofna fyrirtæki í kringum þetta,“ segir Soffía.

PASSAR VEL
Spegillinn og arinn eiga vel saman. Soffía skiptir hlutum á arin-hillunni reglulega út.

Er vagninn rafmagnslaus?



Frístunda rafgeymar í miklu úrvali

TUDOR SKORRI SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM **TUDOR**

Bíldshöfði 12 · 110 Rvk · 5771515 · skorri.is

Sofðu vel - heilsunnar vegna

VORTILBOÐ Á ÖLLUM STILLANLEGUM HEILSURÚMUM

MIKIÐ ÚRVAL AF SVEFNSÓFUM



12 mánaða vaxtalausar greiðslur*



Með okkar bestu IQ-CARE heilsudýnu. Verð frá kr. 339.900 á hjólarúmi.

Gerðu gæða- og verðsamanburð

Svefn & heilsa



*3.5% lántökugjald

Lísthúsinu Laugardal, 581 2233 · Baldursnesi 6, Akureyri, 461 1150 · Opíð virka daga kl. 10.00 - 18.00 · laugardaga 12.00 - 16.00



JSB danssýning ársins
verður haldin í Austurbæ
25. maí kl. 20:00

Miðar á midi.is

JSB á 45 ára starfsafmæli og efnir til sannkallaðrar dansveislu þar sem farið verður á vit fortíðar og alls konar taktar rifjaðir upp.

Reikna má með ýmsum óvæntum upptökum og stuðið verður þannig að það mælist í amperum!



Hlökkum mikið til að sjá ykkur!



DANSLISTARSKÓLI



15% AFSLÁTTUR
AF JÖKKUM OG YFIRHÖFNUM

B/A/S/L/E/R *Parisar* TIZKAN

Skipholti 29b • S. 551 0770

S A F T

KOMDU FRAM VIÐ AÐRA
Á NETINU EINS OG ÞÚ VILT LÁTA
KOMA FRAM VIÐ ÞIG

Heimill og skóli
Landsmannafélagið

www.saft.is



LÍTIÐ MÁL Ingibjörg Steingrimsdóttir er áhugamanneskja um garðrækt og segir moltuna bestu gróðurmold sem hægt sé að nota í beðin.
MYND/VILHELM

MIKIL GLEÐI Í GARÐVINNU

MOLTUGERÐ Ingibjörg Steingrimsdóttir er áhugamanneskja um garðrækt og segir minna mál að stunda moltugerð en margur heldur. Hún segir moltuna bestu gróðurmold sem hægt sé að fá.

Ég hef stundað moltugerð í meira en 30 ár og þetta er mjög lítið mál. Kannski miklar fólk fyrir sér óþrifnaðinn við að vinna upp úr safnkassanum, en það eiga nú allir stígvél og gúmmihanska í dag,“ segir Ingibjörg Steingrimsdóttir glaðlega þegar blaðamaður hittir á hana við vorverkin.

Ingibjörg segir moltuna bestu gróðurmold sem hægt sé að fá bæði í blómabeðin og í matjurtagarðinn. Í safnkassan geti farið allur lífrænn úrgangur úr eldhúsinu, nema fiskúrgangur, grasið af blettinum og annar garðúrgangur, sem spari ferðirnar í Sorpu. Sjálf hefur hún vanið sig á að setja um tíu sentimetra lag af úrgangi í kassann og um tveggja sentimetra lag af mold á milli. Veðurfarið á Íslandi geri það þó að verkum að hægt brotni niður í kassanum.

„Ef byrjað er í dag verður kannski hægt að nota upp úr kassanum næsta sumar en örugglega þar næsta sumar. Þar sem ég bjó áður var ég til dæmis með trékassa sem skipt var niður í þrjú hólf. Þriðja árið gat ég þá unnið upp úr fyrsta hólfinu og svo rúllaði það koll af kolli. Í dag er líka hægt að kaupa moltutunnur úr plasti með hlera neðst. Þá er hægt að moka undan úr tunnunni og sigta það sem þegar hefur brotnað niður um sumarið en moka því sem ekki hefur náð að brotna niður aftur efst í tunnuna,“ segir Ingibjörg. „Best er ef tunnurnar geta staðið á hlýjum stað, þá brotnar hraðar niður í þeim. Svo er gott að hræra í þessu öðru hvoru.“

Þegar unnið er upp úr safntunnunni segir Ingibjörg þægilegast að nota gróft sigti úr hænsnaneti sem passi til dæmis ofan á hjólbörur. Þá sé auðvelt að keyra moltuna í beðin. Yfirleitt tæmi hún úr tunnunni að hálfu og byrji aftur að safna.

Ingibjörg er með nokkuð stóran garð en segir þó ekki mikið verk að sinna honum. Hún segir garðvinnuna gefandi. „Ég fer einu sinni vel yfir garðinn á vorin en er með mikið af fjölærum plöntum sem sjá mikið til um sig sjálfar. Þetta er bara dútl yfir sumarið en það fylgir garðvinnu mikil ánægja. Maður skilur allar áhyggjur eftir annars staðar þegar maður er komin í gallann og út í garð. Það hefur góð áhrif á fólk að koma fingrunum í moldina.“ ■ rat

LÍTIÐ MÁL

Það er ekki mikið mál að stunda moltugerð enda eiga flestir stígvél og gúmmihanska.

BESTA MOLDIN

Moltan er besta gróðurmoldin í blómabeð og í matjurtagarðinn. Nær allan lífrænan úrgang má setja í safnkassann.

HUGARRÓ

Fátt er meira róandi en að klæða sig í gallann og skella sér í garðvinnu. Þannig gleymast heimsins áhyggjur fljótt.



NÆRINGARRÍK MOLD

Ingibjörg segir moltuna bestu gróðurmold sem hægt sé að fá.



Skráning í síma 581 3730 og á jsb.is

Sumarnámskeið hjá DANSTUDIO JSB

Fjölbreytt og kraftmikil dansnámskeið í sumar!

JAZZDANS og PÚL 16+

Námskeið fyrir þá sem elska að dansa og hafa áhuga á að koma sér í gott form.

- Kennt er 4x í viku 75 mín. Tímar kl. 18:35 mánudaga – fimmtudaga.
 - Tvö tímabil: 29. maí – 11. júní, 12. júní – 25. júní
 - Kennarar eru: Gerður Guðjónsdóttir, Katrín Ingvadóttir, Irma Gunnarsdóttir og Una Björg Bjarnadóttir.
- Verð fyrir hvert tímabil er 10.000 kr.

BALLET og NÚTÍMADANS, 8.-15. ágúst

Krefjandi námskeið fyrir framhaldsnemendur frá 14 ára aldri.

- 6 skipti, tvöfaldir tímar - 90 mín. ballett og 75 mín. nútímadans.
 - Tímar kl. 16:40 – 19:25, kennt miðvikudag – föstudags 8.-10. ág. og mánudag – miðvikudags 13.-15. ág.
 - Kennari: Katrín Ingvadóttir.
- Verð á námskeiði: 14.500 kr.

Vertu með í sumar!



DANSLISTARSKÓLI

Lágmúla 9 • 108 Reykjavík • Sími 581 3730 • Bréfasími 581 3732 • jsb@jsb.is • www.jsb.is



GUY FIERI HEIMSÆKIR EINSTAKA VEITINGASTAÐI Í DINERS, DRIVE-INS & DIVES Á FOOD NETWORK | FÁÐU ÞÉR ÁSKRIFT Á WWW.STOD2.IS

FÓLK ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í forni viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.

**JÓN JÓNSSON, FRÍÐRIK DÓR, SYKUR, DIKTA,
GABRÍEL, OPEE, VALDIMAR, UNNSTEINN MANÚEL,
SVERRIR BERGMANN, TINY OG EMMSJÉ GAUTI
KYNNIR BJÖRN BRAGI**

**MÍFASALA Í FULLUM GANGI
Á HARPA.IS**

**KJÓSTU Á FM957.IS
NÆLDU ÞÉR Í BOÐSMÍFA
Á FM957**

FM957 **TROMP** **HRINGTORG**



LJÓTIKÓR Skemmtun þeirra verður lengi í minnum höfð segir Jónas Sen.

Ljótikór: Fagri kór

Tónleikar ★★★★★

Granmetis- og átvaxtaveisla

Tjarnarbíó, 16. maí

Ljótikór flutti lög Hauks Tómassonar við ljóð Þórarins Eldjárns

Flestir kórar hafa yfirstjórn. Stjórnin ræður kórstjóra, gerir við hann samning og greiðir honum laun. Svo byrja samskiptaörðugleikarnir...

Vandamálið felst í því að stjórnin lítur á stjórnandann sem starfsmann kórsins. Kórinn hefur ákveðið hlutverk, og stjórnandinn á að gera honum kleift að sinna því með reisu. Stjórnandinn hefur hins vegar tilhneigingu til að líta á kórinn sem sitt einkahljóðfæri. Sem vettvangur fyrir persónulegan metnað. Og hann vill ráða öllu.

Auðvitað er ég að alhæfa. En ég þekki mörg dæmi um þetta. Það var því gaman að upplifa stemninguna í Tjarnarbíói á miðvikudagskvöldið. Þar hélt hinn svokallaði Ljótikór sína fyrstu opinberu tónleika. Samkvæmt frétt hér í blaðinu er þetta lýðræðislegur kór. Það er enginn einn sem ræður öllu. Maður skynjaði það vel í frjálslægri sviðsframkomu kórsins.

Í nafninu Ljótikór kristallast markmið hópsins. Það er að stinga í stúf og koma á óvart. Óhætt er að fullyrða að það hafi tekist.

Fyrir það fyrsta var kórinn, sem telur um 30 manns, í hversdagslegum, en afar litríkum fötum. Það var kærkomin tilbreyting frá einkennisbúningum allmargra íslenskra kóra, sem eru stundum

býsna yfirþyrmandi (og hallærislegir). Svo var efnisskráin frumleg og stílhrein: Ljóð eftir Þórarinn Eldjárn og tónlist eftir Hauk Tómasson. Og nokkur dægurlög eftir upplappið. Ekkert Dramaaland eða Þótt þú langförulegðir.

Haukur hefur hingað til verið þekktur fyrir glæsilega, en einkar framúrsteftnulega tónlist. Lögin nú komu því mjög á óvart. Þetta voru alþýðlegar laglínur sem runnu ljúflega niður. Ég er illa svikinn ef lögin eiga ekki eftir að lifa með þjóðinni um ókomna tíð. Það út af fyrir sig gerði þessa tónleika einstaka.

Ljóðin eftir Þórarinn eru úr bókinni Granmeti og átvextir. Þau eru hnyttin. Á tónleikum voru þau ekki öll sungin við tónlist Hauks. Sum voru bara lesin, en með skemmtilegum, leikrænum tilburðum. Þessi blanda af söng og leiklist var hressandi kokteill. Hann er sjaldfenginn í íslensku menningarlífi.

Kórsöngurinn sjálfur var ekki endilega með því allra besta sem maður hefur heyrt. Sumar raddirnar eru ágætlega þjálfaðar, eða þá bara finnar náttúruvaddir. Aðrar eru síðri. Hljóðfæraleikurinn, sem var í höndum kórsins, var líka nokkuð misjafn. En slöppu söngvararnir eða hljóðfæraleikarnir höfðu eitthvað annað til brunns að bera í staðinn; góða framsögn – eða voru bara fyndnir. Útkoman var skemmtun sem lengi verður í minnum höfð.

Jónas Sen

Niðurstaða: Afar líflægir tónleikar með snjöllum ljóðum og fallettri tónlist.

Umsóknarfrestur til **6. JÚNÍ**

PIPAKTBA • SÍA

VILTU VERÐA ÍAK ÞJÁLFARI?



Keilir er alhliða menntafyrirtæki með aðsetur á Ásbrú í Reykjanesbæ sem býður vandað nám með áherslu á nýstárlega kennsluhætti og fyrsta flokks aðstöðu. Innan Keilis eru fjögur sérhæfð námssvið; Flugakademía, Íþróttakademía, Tæknifræði og Háskólabrú. Komdu í nútímalegt, metnaðarfullt og skemtilegt nám. Komdu í Keili!

ÍÞRÓTTAAKADEMÍA

Íþróttakademía Keilis býður upp á krefjandi, skemmtilegt og metnaðarfullt nám í ÍAK einkaþjálfun og ÍAK íþróttþjálfun. Í undirbúningi er að bjóða upp á nám í ÍAK hóppjálfun. Miklir atvinnumöguleikar eru fyrir ÍAK þjálfara og samkvæmt könnunum eru þeir eftirsóttir þjálfarar.

Nám í ÍAK þjálfun miðar að því að skila þjálfurum tilbúnum til starfa.

NÁMSFRAMBOÐ // ÍAK EINKAÞJÁLFUN
// ÍAK ÍÞRÓTTAÞJÁLFUN
// ÍAK HÓPPJÁLFUN

KEILIR // ÁSBRÚ // 578 4000 // keilir.net



Keilir
Miðstöð vísinda,
fræða og atvinnulífs

SAMBÍÓIN SAMbio.is

EN FUNDNAÐS MIND. ÁRSINS FRÁHEM SEM FÆRÐI OKKUR BORAT

SACHA BARON COHEN
SPREINGHLEGG MÝND.

THE DICTATOR

FRÁHEM SEM FÆRÐI OKKUR BORAT KEMUR EN FUNDNAÐS MIND. ÁRSINS FRÁHEM SEM SACHA BARON COHEN FÆR Á KOSTUM Í HLUTVERKI KLAKKABASTA EINRÆÐISHERRA ALLRA TÍMA.

SAFE

MÖGNUD HASARMÝND MED JASON STATHAM Í ADALHLUTVERKI

Dark Shadows

Johnny Depp er stórkostlegur í þessari frábæru gamanmynd

Nýjasta meistaraverk Tim Burtons.

YFIR 48 ÞÚS. ÞÍÓGESTIR!

THE AVENGERS

STÆRSTA FRUMSYNINGARHELGI ALLRA TÍMA Á ÍSLANDI!

IMPY'S WONDERTLAND

UNDRALAND IBBA

Skemmtileg teiknimynd fyrir alla fjölskylduna

Synd með íslensku tali

SAMBÍÓIN ÁLFABAKKA			
THE DICTATOR	KL. 6 - 8 - 10	2D	12
THE DICTATOR VIP	KL. 6 - 8 - 10	2D	16
SAFE	KL. 6 - 8 - 10	2D	16
SAFE VIP	KL. 10	2D	16
DARK SHADOWS	KL. 5:40 - 8 - 10:20	2D	12
THE AVENGERS	KL. 5 - 8 - 10:50	3D	16
UNDRALAND IBBA	M/ISL.TAU KL. 6	2D	12
CABIN IN THE WOODS	KL. 8	2D	16
BATTLESHIP	KL. 10	2D	12

SAMBÍÓIN EGILSHÖLL			
THE DICTATOR	KL. 6 - 8 - 10	2D	12
SAFE	KL. 9 - 11	2D	16
DARK SHADOWS	KL. 5:30 - 8 - 10:30	2D	12
THE AVENGERS	KL. 5:10 - 8 - 10:45	3D	16
THE AVENGERS	KL. 6	2D	16

SAMBÍÓIN KRINGLUNNI			
SAFE	KL. 8 - 10:30	2D	16
DARK SHADOWS	KL. 5:40 - 8	2D	12
THE AVENGERS	KL. 6 - 9 - 10	3D	16
UNDRALAND IBBA	M/ISL.TAU KL. 6	2D	12

SAMBÍÓIN AKUREYRI			
DARK SHADOWS	KL. 8	2D	12
THE AVENGERS (3D)	KL. 5 - 10:20	3D	16
UNDRALAND IBBA	M/ISL.TAU KL. 6	2D	12
SAFE	KL. 8 - 10:20	2D	12

TRYGGÐU PÉR MIÐA Á

SAMBÍÓIN SAMbio.is



FLIKK FLAKK Dansararnir léku á alls oddi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI



REFFILEGIR Björn Brynjólfur Björnsson og forsetaframbjóðandinn Ari Trausti Guðmundsson voru kátir.



GLEÐI Halla Helgadóttir og Kolbrún Halldórsdóttir stilltu sér upp.



FRUMFLUTNINGUR Nýtt dansverk var frumflutt á setningarhátíðinni. Áhorfendur fylgdust agn dofna með.

Mikið um dýrðir á Listahátíð

Listahátíð í Reykjavík var sett í Hörpu á föstudagskvöld. Hátíðin stendur yfir til 3. júní og margt var um manninn á setningarhátíðinni. Ljósmyndari Fréttablaðsins var að sjálfsgöðu á svæðinu og fangaði stemninguna.



Í GÓÐU SKAPI Haraldur Fannar og Yesmine Olsen voru hress í Hörpu.

SMÁRABÍÓ **HÁSKÓLABÍÓ**

midis

THE DICTATOR LÚXUS

THE FIVE-YEAR Engagement

LOCKOUT

SMÁRABÍÓ GLERAUGU SELD SÉR **A 5%**

THE DICTATOR	KL. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE DICTATOR LÚXUS	KL. 4 - 6 - 8 - 10	12
THE FIVE YEAR ENGAGEMENT	KL. 8 - 10.40	12
LOCKOUT	KL. 8	12
HOW I SPENT MY SUMMER VACATION	KL. 10.10	16
21 JUMP STREET	KL. 5.40 - 8 - 10.30	14
MIRROR MIRROR	KL. 3.30	L
LORAX - ÍSLENSKT TAL	KL. 3.30 - 5.45	L
HUNGER GAMES	KL. 5	12

HÁSKÓLABÍÓ NÁNAR Á MIÐLIS **A 5%**

LOKAB 18. - 23. MAÍ

BORGARBIÓ NÁNAR Á MIÐLIS

THE DICTATOR	KL. 6 - 8 - 10	12
THE FIVE YEAR ENGAGEMENT	KL. 5.45 - 8	12
LOCKOUT	KL. 10.15	12



Í GÓÐUM FÉLAGSSKAP Hlín Agnarsdóttir, Jón Gnarr, Sveinn Kjartansson og Viðar Eggertsson létu sig ekki vanta.



FJÖR Páll Stefánsson og Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir virtust skemmta sér vel.



FULLT AF FÓLKI Þegar fólk fær boð um parti í Hörpu, þá mætir það.

midis **LAUGARÁS BÍÓ**

www.laugarasbio.is -bara lúxus sími 553 2075

SPREINGHLEGG MÝND

FRÁ ÞEIM SEM FÆRÐI OKKUR BORAT KEMUR EN FUNDNAÐS MIND. ÁRSINS FRÁHEM SEM SACHA BARON COHEN FÆR Á KOSTUM Í HLUTVERKI KLAKKABASTA EINRÆÐISHERRA ALLRA TÍMA.

THE DICTATOR

THE FIVE-YEAR Engagement

THE AVENGERS

STÆRSTA OFURHETJUMYND ALLRA TÍMA

ISL TAL

LORAX

LAUGARÁSBIÓ Syningartimar

THE DICTATOR	6, 8, 10
THE FIVE-YEAR ENGAGEMENT	8
THE RAID	10,25
THE AVENGERS 3D	7, 10
LORAX 3D	6

MEÐ STUÐNINGI REYKJAVÍKURBORGAR OG KVÍKMYNDAMIÐSTÖÐVAR ÍSLANDS
Miðasala: 412 7711 ■ www.bioparadis.is / midis ■ Hluti af Europa Cinemas

BÍÓ PARADÍS

MÁNUDAGUR: I AM SLAVE 18:00, 20:00, 22:00 ■ THE PRICE OF SEX/AFTERGLOW 20:00 ■ CORIOLANUS 20:00, 22:30 ■ JANE EYRE 17:30 ■ IRON SKY 18:00, 20:00, 22:00 ■ SVARTUR Á LEIK (ENG. SUBS) 17:40, 22:30

24.-29. MAÍ: SKEMMD EPLI, fjórar frábærar myndir um alkólisma!
SKÓLANEMAR: 25% AFSLÁTTUR GEGN FRAMVÍSUN SKÍRTEINIS! SAMI AFSLÁTTUR FYRIR ÖRYRKAJA OG ELDRI BORGARA.

SÖNN SAGA UM NÚTÍMA PRÆLAHALD Í LONDON

I AM SLAVE

AUKASÝNINGAR Á VÖLDUM MYNDUM AF REYKJAVÍK SHORTS & DOCS

THE PRICE OF SEX AFTERGLOW

Hættir sem hasarmyndahetja

Jackie Chan hefur staðfest að nýjasta mynd hans Chinese Zodiac verði hans síðasta sem hasarmyndahetja. „Heimurinn er of ofbeldisfullur. Mér finnst gaman að slást en ég hata ofbeldi,“ sagði hinn 58 ára Chan á Cannes-hátíðinni.

Myndin kemur út í desember og er sú þriðja í Armour of God-seríunni. Sú fyrsta kom út 1987 þar sem Chan lék Aisan Hawk, náunga sem svipar til Indiana Jones.

„Ég vil að áhorfendur viti að ég get ekki bara slegist, ég get líka leikið,“ sagði Chan, sem lék herra Miyagi í endurgerð The Karate Kid

í fyrri. „Ég vil ekki bara vera hasarmyndastjarna. Ég vil vera alvöru leikari og þess vegna hef ég undanfarin tíu ár leikið í myndum eins og The Karate Kid þar sem ég lék gamlan mann.

Chan hóf feril sinn sem áhættuleikari og starfaði við hlið Bruce Lee í myndunum Fist of Fury og Enter the Dragon á áttunda áratugnum. Síðan þá hefur hann leikið í um eitt hundrað myndum og alltaf hefur hann leikið sjálfur í áhættuatriðunum.

HÆTTUR Jackie Chan ætlar ekki að leika hasarmyndahetju framar.

NORDICPHOTOS/GETTY



Nick Stahl fundinn

Leikarinn Nick Stahl er kominn í leitirnar. Eins og Fréttablaðið greindi frá á laugardag hafði ekkert spurst til Stahl í tíu daga. Hann hefur nú sent nánustu vinum sínum tölvupóst og tilkynnt þeim að hann sé í meðferð og að ekki sé hægt að ná í hann næstu 30 daga.

Stahl leikur Stein Steinarr í myndinni Kill the Poet, en tókur

hefjast á Íslandi í haust. Margrét Hrafnisdóttir, framleiðandi myndarinnar, sagði í viðtali við Fréttablaðið á laugardag að Stahl væri ákaflega hæfileikaríkur: „Það er okkar lukka að hann hefur mjög gaman af því að taka að sér að leika í indímyndum. Þetta er Óskarsverðug rulla og þess vegna voru menn spenntir fyrir henni,“ sagði hún.

FUNDINN Nick Stahl er í meðferð.



Ekki samboðinn Jolie

Billy Bob Thornton gaf nýverið út sjálfsvísöguna The Billy Bob Tapes: A Cave Full of Ghosts og fjallar þar stuttlega um hjónaband sitt og Angelinu Jolie. Hjónin fyrrverandi eru í góðu sambandi og skrifaði Jolie innganginn að bókinni.



BILLY BOB THORNTON

Í bókinni kemur meðal annars fram

að Thornton hafi aldrei þótt hann nógu góður fyrir Jolie. „Hún er í öðrum flokki en ég. Ég er hæfileikaríkur á vissum sviðum en hún er sannkölluð stjarna. Hún er töfrandi manneskja og ég átti líklega aldrei að gera mér vonir um að vera með manneskju eins og henni. Þetta var eins og ef húsörðurinn hefði gífst Audrey Hepburn,“ sagði leikarinn um hjónaband sitt og Jolie.



ELSKAR MÓÐURHLUTVERKIÐ Leikkonan Kelly Preston opnar sig um foreldrahlutverkið og missinn í nýlegu sjónvarpsviðtali.

NORDICPHOTOS/GETTY

Langar í fleiri börn

Leikkonuna Kelly Preston langar að eignast fleiri börn en gerir sér grein fyrir að aldurinn gæti gert henni það erfitt. Preston verður 50 ára á þessu ári en hún er gift leikaranum John Travolta. Saman eiga þau Ellu Bleu tólf ára og Benjamin tveggja ára en þau misstu 16 ára son sinn Jett árið 2009. Kelly tjáði sig um foreldrahlutverkið og missinn í nýlega sjónvarpsviðtali vestan hafs.

„Börnin mín stækka í mér hjartað og þau eru best í heimi. Ég óska engum þess að þurfa að ganga í gegnum þá skelfilegu lífsreynslu að missa barn en Benjamin hefur hjálpað okkur að takast á við fráfall Jetts. Ég væri alveg til í fleiri börn og ætlaði alltaf að eignast mörg,“ segir Preston sem minnst ekki orði á kærurnar sem maðurinn hennar hefur fengið á sig eftir að tveir karlkyns nuddarar sökuðu Travolta um kynferðislega áreitni.

SÖSTRENE GRENE



ANNA OG CLARA OPNA NÝJA VERSLUN Í
KRINGLUNNI
ÞANN 25. MAÍ - KL.10.00

SÖSTRENE GRENE, KRINGLAN 4-12, 103 REYKJAVÍK



Finnið nýjar hugmyndir á bloggsíðu okkar:
www.sostrengrene.dk



GUDJÓN ÞÓRÐARSON OG BJARNI JÓHANSSON mætast klukkan 19.15 í kvöld í Pepsi-deild karla í fótbolta þegar Grindavík fær Stjörnuna í heimsókn. Báðir eiga þeir möguleika á því að vinna sinn hundraðasta leik sem þjálfari í efstu deild. Bjarni vann sinn 99. leik í síðustu umferð en Gudjón hefur þurft að bíða eftir hundraðasta sigrinum síðan í maí 2008. Grindavík komst í 2-0 og 3-1 í síðustu umferð en tókst ekki að landa sigri.



BJÖRN BERGMANN Markahæstur í norsku deildinni. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Björn Bergmann til Wolves?: Ellefu mörk í sex leikjum

FÓTBOLTI Björn Bergmann Sigurðsson var enn á skotskónum í gær þegar hann tryggði Lilleström 1-0 sigur á Sogndal í norsku úrvalsdeildinni í fótbolta. Björn Bergmann skoraði markað á 90. mínútu en hann er nú einn af markahæstu mönnum deildarinnar. Björn Bergmann var orðaður við enska B-deildarliðið Wolves í enskum fjölmiðlum í gær en Ståle Solbakken, nýr knattspyrnustjóri Wolves, hefur mikið álit á Birni og ætlar að leggja allt kapp á að klófesta íslenska landsliðsmanninn. Birni tókst ekki að skora í fyrstu fimm leikjum tímabilsins en hann hefur nú skorað 11 mörk í síðustu 6 deildar- og bikarleikjum Lilleström. Hann mun spila tvo leiki til viðbótar áður en hann spilar sinn fyrsta landsleik (á móti Svíum) undir stjórn Lars Lagerbäck. - 66j

Kári Steinn Karlsson:

Brons á NM

FRJÁLSAR ÍPÓTTI Blikinn Kári Steinn Karlsson varð í 3. sæti á Norðurlandameistaramótinu í 10 km hlaupi sem fram fór í Kaupmannahöfn í gær. Kári kom í mark á tímanum 29 mín 50,56 sek. Sigurvegari varð Norðmaðurinn Asbjörn Ellefsen á 29:47,03 mín og í öðru sæti var Daninn Michale Nielsen, Kári Steinn varð fyrir því óhappi að detta í hlaupinu en með miklu harðfyllgi nálgadist hann hópin á ný og náði þriðja sætinu. Þetta er besti tími Kára Steins í 10.000 metra hlaupi í tvö ár. - 66j



FLEIRI EIGA ERINDI TIL LUNDÚNA

Alls fara tólf íslenskir sundmenn á EM í 50 m laug sem hefst í Debrecen í Ungverjalandi í dag. Helsta keppikefli þeirra verður að ná lágmarki fyrir Ólympíuleikana í Lundúnum.

SUND Í dag hefst Evrópu-meistaramótið í 50 m laug en það fer fram í Debrecen í Ungverjalandi. Ísland sendir tólf sundmenn og -konur til þátttöku en langt er síðan að svo fjölmennt sundlandslið fer frá Íslandi á svo stórt mót. Hópurinn var kynntur á blaðamannafundi fyrir helgi og þar var einnig samið við þjálfarann Jacky Pellerin um að gegna stöðu landsliðsþjálfara í fjögur ár í viðbót eða fram yfir Ólympíuleikana í Ríó árið 2016. Pellerin, sem er franskur, hefur einnig starfað sem þjálfari hjá Sundfélaginu Ægi og mun gera áfram samhlíða landsliðsþjálfarastarfinu. Hann hefur sinnt þeim störfum í nokkur ár og átt stóran þátt í því, ásamt Klaus Jürgen-Ohk, að marka skýra stefnu fyrir afreksfólk í sundi sem hefur borið góðan árangur. „Ég hef frábæra tilfinningu fyrir þessu móti. Sérstaklega þar sem svo margir náðu EM-lágmörkum,“ sagði hann við Fréttablaðið. „Það gerir hverjum einstaklingi gott að vera í fjölmennum hópi. Hvatinn verður meiri og viljinn til að ná árangri sterkari.“

Margir nálægt lágmarkinu Aðeins Eygló Ósk Gústafsdóttir hefur náð OQT-lágmarki (gamla A-lágmarkið) fyrir Ólympíuleikana en aðeins besta sundfólk í heimi nær því. En sjö aðrir hafa



SÚ EINA SEM ER ÖRUGG Eygló Ósk Gústafsdóttir hefur þegar náð Ólympíulágmarkinu og er eini íslenski sundmaðurinn sem er kominn inn á ÓL í London. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

náð OST-lágmarki (gamla B-lágmarkið) sem dugir þó ekki til að gulltryggja þeim keppnisrétt á leikunum.

„Ég á von á því að fjórir sundmenn muni ná OQT-lágmarki eða komast verulega nálægt því. Sarah Blake Bateman, Hrafnhildur Lúthersdóttir, Jakob Jóhann Sveinsson og Anton Sveinn McKee eru líkleg til þess en 1-2 til viðbótar gætu gert góða atlögu

að lágmarkinu – eða þá synt nægilega vel til að komast í hóp 24 bestu sundmanna heims,“ segir Pellerin.

Þeir sem ekki ná OQT-lágmarki á EM fá annað tækifæri til þess á mótum á Spáni og í Frakklandi í byrjun júní. Takist það ekki heldur þá þurfa þeir sundmenn sem hafa aðeins náð OST-lágmarki að bíða þar til um miðjan mánuðinn er FINA, Alþjóðasundsamband-

EM-hópurinn

Anton Sveinn McKee, Ægi (19 ára)
Árni Már Árnason, IRB (25 ára)
Erla Dögg Haraldsdóttir, IRB (24 ára)
Eva Hannesdóttir, KR (25 ára)
Eygló Ósk Gústafsdóttir, Ægi (17 ára)
Hrafnhildur Lúthersdóttir, SH (21 árs)
Ingibjörg Kristín Jónsdóttir, SH (19 ára)
Jakob Jóhann Sveinsson, Ægi (30 ára)
Jóhanna Gerða Gústafsdóttir, Ægi (22 ára)
Ragnheiður Ragnarsdóttir, KR (28 ára)
Sarah Blake Bateman, Ægi (22 ára)
Sigrún Brá Sverrisdóttir, Ægi (22 ára)

íð, birtir nöfn þeirra OST-sundmanna sem fá boð um þátttöku á leikunum í Lundúnum. Fyrirfram er mjög erfitt að spá um hvaða sundmenn muni fá boð.

Eygló gæti komist í úrslit

Sem fyrr segir er hin sautján ára Eygló Ósk sú eina sem hefur náð OQT-lágmarki en það gerði hún í 200 m baksundi. Pellerin, sem þjálfar hana einnig daglega hjá Ægi, segir að hún sé einfaldlega að uppskera árangur erfðisins. „Þetta kom ekki á óvart og hún getur leyft sér að stefna á að komast í undanúrslit og jafnvel úrslit í London,“ segir Pellerin. „Ef hún kemst í úrslit þá eru hennir allir vegir færir því þá getur allt gerst. Ég fór fyrst sem þjálfari á Ólympíuleika árið 1992 og þá sá ég sundmann sem var í 21. sæti heimslistans (Eygló er í 24. sæti) komast á verðlaunapall. Það er allt hægt.“

eirikur@frettabladid.is

Chelsea vann Meistaradeildina eftir afar dramatískan 4-3 sigur á Bayern München í vítakeppni í München: Sigurveilji Chelsea-manna bræddi þýska stálið

FÓTBOLTI Sigur Chelsea í Meistaradeildinni er efni í góða og dramatíska Rocky-bíómynd. Hvað eftir annað lifðu Chelsea-menn af þegar allir voru búnir að afskrifa þá og þeir komnir í nær vonlausu stöðu. Þetta er liðið sem tapaði 3-1 í fyrri leiknum í Napolí í 16 liða úrslitunum, liðið sem þurfti að spila manni færri á móti Lionel Messi og félagum á Nývangi í 53 mínútur og liðið sem lenti 1-0 undir í úrslitaleiknum á móti Bayern München þegar aðeins sjö mínútur voru eftir. Jú vátin hjá Lionel Messi (í slá) og Arjen Robben (Petr Cech varði) hefðu breytt miklu alveg eins og öll dauðafærin sem mótherjarnir fóru illa með. Þetta var hins vegar



GJÖRÐU SVO VEL Didier Drogba, hetja Chelsea í úrslitaleiknum, lætur hér Roman Abramovich fá bikarinn. MYND/AP

skrifaði í skýin, eftir níu ára bið var loksins komið að því að draumur Romans Abramovich rættist og

Chelsea á toppnum í Evrópu. Reynsluboltarnir Didier Drogba, Petr Cech, Frank Lampard og

Ashley Cole hreinlega neituðu að gefast upp og færðu sínu félagi bikarinn með stórum eyrum með magnaðri frammistöðu. Hver hefði samt trúað því fyrir nokkrum mánuðum að það yrði Roberto Di Matteo, brottrekinn stjóri West Bromwich Albion, sem stýrði Chelsea til sigurs í Meistaradeildinni, að enskt lið myndi vinna þýskt lið í vítakeppni og það á heimavelli og að Chelsea-liðinu tækist að lifa af stórskotahríð leikmanna Napolí, Barcelona og Bayern München. Það er eitthvað sem segir mér að sá sem skrifaði þetta í skýin hafi verið í Sylvester Stallone-ham og búinn að horfa ansi oft á Rocky-myndirnar. - 66j

Nilfisk ALTO works for you

Hobby háprýstidælar Tilboð frá 13.800 kr.

C100.5-5 háprýstidæla Lítil, nett og ódýr háprýstidæla.

C120.3-6 háprýstidæla Dæla fyrir þá sem vilja góða háprýstidælu.

E140 2-9s X-tra háprýstidæla Öflug dæla fyrir þá kröfuháru. Á húsið, bílinn og stéttina.

Buddy 15 Lítil og nett ryk- og vatnssuga

Affix 30-01 Öflug ryk- og vatnssuga sem heitir vel í erfið verkefni.

P160 2-15 X-tra háprýstidæla Dæla fyrir minni fyrirtæki, bændur, stóra bíla, vinnuvélar o.fl. Innbyggður efnablandari og hreinsiefnahöfl sem tekur 4 lítra.

Ryk- og vatnssuga Tilboð frá 12.547 kr.

Rekstrarvörur - vinna með þér

Réttarhálsi 2 • 110 Reykjavík
Sími: 520 6666 • Fax: 520 6665
sala@rv.is • www.rv.is

Kielce varð pólskur meistari í handbolta um helgina: Þórir tvöfaldur meistari

HANDBOLTI Þórir Ólafsson og félagar í Vive Targi Kielce urðu um helgina pólskir meistara í handbolta eftir 27-25 sigur á Wisla Plock Ssa í þriðja leik lokaúrslitanna. Þórir var markahæstur í liði Kielce með sex mörk en liðið vann úrslitaeinvígið 3-0. Þórir er því tvöfaldur meistari á sínu fyrsta ári með pólska liðinu. „Þetta var kannski ekki auðvelt hjá okkur en þægilegt,“ sagði Þórir. „Maður var kannski kominn með leiða á því að vera alltaf fyrir neðan miðju og í botnbaráttunni. Það er langt síðan maður hefur fengið að kynna þvi að vera ofarlega og vinna titla eða bara síðan maður var í Haukunum. Þetta var samt öðruvísi núna enda maður orðin eldri. Það er alltaf sætt að klára svona titla og það breytist aldrei,“ sagði Þórir sem vann Íslandsmeistaratitilinn með

Haukum þrjú ár í röð 2002-2005. „Auðvitað var þetta mikil breyting að skipta í annað land og í aðra deild en ég sé ekkert eftir því. Það togaði í að fá að spila í Meistaradeildinni og að vinna titla. Þetta er búið að vera frábrætt. Maður vissi að það yrði mikil samkeppni en ég er búinn að fá ágætis traust frá þjálfaranum og fá að spila marga mikilvæga leiki,“ sagði Þórir. - 66j

ÞÓRIR ÓLAFFSON Gengur vel í Póllandi.





Cheerios - 2 skálar
Djúsi - 1 glas
Banani - 1/2
Vatn - 3 glös



3-0

Kaplakrikkvöllur, áhorf.: 2060 Erlendur Eiríksson (7)

1-0 Björn Daniel Sverrisson, víti (26.), 2-0 Ólafur Páll Snorrason (54.), 3-0 Ólafur Páll Snorrason (58.)

Skot (á mark): 15-6 (10-2)

Varin skot: Gunnleifur 1 - Sigmar Ingi 6

FH (4-3-3): Gunnleifur Gunnleifsson 7, Guðjón Árni Antoníusson 7, Freyr Bjarnason 7, Guðmann Þórisson 7 (80: Albert Brynjar Ingason -), Víktor Örn Guðmundsson 7, Pétur Viðarsson 7, Bjarki Bergmann Gunnlaugsson 7 (78: Hólmár Örn Rúnarsson -), Björn Daniel Sverrisson 8, *Ólafur Páll Snorrason 8, Atli Viðar Björnsson 7, Atli Guðnason 8 (68: Emil Pálsson 6).

BREIÐABLIK (4-4-2): Sigmar Ingi Sigurðarson 7 - Þórður Steinar Hreiðarsson 4, Renee Trost 5, Sverrir Ingi Ingason 5, Kristinn Jónsson 5, Tómas Óli Garðarson 5 (75: Sindri Snær Magnússon -), Finnur Ingi Margeirsson 6, Jökull I Elísabetarson 4, Haukur Baldvínsson 5 (45: Árni Vilhjálmsson 4), Elfar Árni Aðalsteinsson 6, Petar Rnkovic 4 (45: Rafn Andri Haraldsson 5). * MAÐUR LEIKSINS



3-2

Akranesvöllur, áhorf.: 1786. Þórður Hjaltalín (8)


1-0 Gary Martin (21.), 1-1 Guðmundur Steinarsson, víti (40.), 2-1 Ólafur Valur Valdimarsson (64.), 2-2 Arnór Ingi Traustason (73.), 3-2 Garðar Bergmann Gunnlaugsson (90.)

Skot (á mark): 12-14 (5-5)

Varin skot: Árni Snær 3 - Ómar 2

ÍA (4-3-3): Árni Snær Ólafsson 5 - Aron Ymir Pétursson 6, Ármann Smári Björnsson 7 (65: Guðmundur Böðvar Guðjónsson 4), Kári Ársællson 7, Einar Logi Einarsson 5 - Jóhannes Karl Guðjónsson 7, Arnar Már Guðjónsson 4, Jón Vilhelm Ákason 5 - Eggert Kári Karlsson 5 (59: Dean Edward Martin 7), Ólafur Valur Valdimarsson 6 (67: Garðar Bergmann Gunnlaugsson 6), *Gary Martin 8.

KEFLAVÍK (4-3-3): Ómar Jóhannsson 5 - Grétar Atli Grétarsson 4, Magnús Þór Magnússon 6, Haraldur Freyr Guðmundsson 5, Jóhann Ragnar Benediktsson 5 - Frans Elvarsson 7, Denis Selimovic 6, Arnór Ingi Traustason 7 - Hilmar Geir Eriðsson - (12: Magnús Sverrir Þorsteinsson 3), Jóhann Birnir Guðmundsson 7, Guðmundur Steinarsson 6 (70: Sigurbergur Elísson 5).



0-1

Vodafonevöllur, áhorf.: 2628 Gunnar Jarl Jóns. (7)

0-1 Magnús Már Lúðvíksson (66.)

Skot (á mark): 15-13 (6-7)

Varin skot: Sindri Snær 5 - Hannes Þór 6

VALUR (4-3-3): Sindri Snær Jónsson 7 - Andri Fannar Stefánsson 5, Atli Sveinn Þórisson 5, Halldór Kristinn Halldórsson 5, Úlfar Hrafn Pálsson 4 - Hafsteinn Briem 6 (77: Kolbeinn Kárason -), *Haukur Páll Sigurðsson 7, Rúnar Már S Sigurjónsson 7 - Ásgeir Þór Ingólfsson 4 (66: Matthias Guðmundsson -), Guðjón Pétur Lýðsson 6 (87: Hilmar Rafn Emilsson -), Hörður Sveinsson 4

KR (4-3-3): Hannes Þór Halldórsson 7 - Magnús Már Lúðvíksson 6 (74: Haukur Heiðar Hauksson -), Rhys David Weston 6, Grétar Sigfínnur Sigurðarson 5, Gunnar Þór Gunnarsson 5 - Bjarni Guðjónsson 6, Baldur Sigurðsson 5, Víktor Bjarki Arnarson 5 - Emil Atlason 4 (57: Þorsteinn Már Ragnarsson 5), Óskar Örn Hauksson 6 (84: Guðmundur Reynir Gunnarsson -), Kjartan Henry Finnbogason 6. * MAÐUR LEIKSINS

Allt um leiki gærkvöldsins er að finna á **VÍSIR.IS**



SÁ MARKAHÆSTI Kjartan Henry Finnbogason á fleygiferð í leiknum á Vodafone-vellinum í gær og hefur hér stungið af Valsmanninn Atla Svein Þórisson. Kjartani tókst þó ekki að skora úr þessu færi.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

Gullnir varamenn Skagans

Nýliðar ÍA eru með fullt hús í Pepsi-deildinni. Garðar Gunnlaugsson varð þriðji varamaðurinn til þessa að tryggja ÍA þrjú stig í sumar. FH-ingar unnu sinn þriðja leik í röð og Magnús Már Lúðvíksson tryggði KR sigur á Val.

FÓTBOLTI Þórður Þórðarson, þjálfari ÍA, átti enn eina snildarskiptinguna í sumar þegar ÍA vann 3-2 sigur á Keflavík í 4. umferð Pepsi-deildar karla á Akranesi í gær.

Þórður sendi Garðar Bergmann Gunnlaugsson inn á völinn um miðjan seinni hálfleik og hann tryggði Skagamönnum öll þrjú stigin með sigurmörkinu á lokamínútu leiksins. Þetta var í þriðja sinn í sumar sem varamaður ÍA tryggir liðinu sigur en í hin tvö skiptin höfðu hetjur liðsins komið inn á fyrir Garðar.

Þrjár í röð hjá FH-ingum

FH-ingar unnu fóru illa með Blika og unnu þá 3-0 í Kaplakrika. FH-ingar eru búnir að vinna þrjá leiki í röð og Gunnleifur Gunnleifsson hefur haldið hreinu í þeim öllum.

Ólafur Páll Snorrason skoraði tvö mörk í leiknum og bæði eftir undirbúning Atla Guðnasonar en fyrsta markið skoraði Björn Daniel Sverrisson úr víti. Björn Daniel hefur nú skorað 3 mörk í fyrstu 4 umferðunum.

FH-ingar léku sinn besta leik í sumar og það er ljóst að Heimir Guðjónsson er að búa til sterkt lið í Hafnarfirðinum.

Næsti leikur FH er á móti KR á miðvikudaginn en KR-ingar unnu

sinn annan leik í röð á Hlíðarenda í gærkvöldi. KR er því búin að gera betur en í fyrsta þegar liðið gerði jafntefli í báðum leikjunum við Val.

Fullt hús hjá ÍA

ÍA er enn með fullt hús stiga eftir 3-2 sigur á Keflavík á heimavelli sínum í gær þar sem Garðar Bergmann Gunnlaugsson skoraði sigurmörkið á síðustu mínútu leiksins.

Leikurinn var bráðfjörugur, opinn og skemmtilegur og hefðu bæði lið hæglega getað skorað fleiri mörk en heppnin var með ÍA sem tók stigin þrjú í fjórða leiknum í röð.

„Mér fannst þetta vera fram og til baka en það sem gerir útslagið er að við höldum áfram og strákarnir gera það sem við leggjum upp með og trúa á það. Þessir fyrstu fjórir leikir sýna að það er frábær karakter í þessu liði og þegar við förum að spila vel þá verður þetta ennþá betra,” sagði Þórður Þórðarson þjálfari ÍA í leiklok.

Með sigurmark í fyrsta leik

Magnús Már Lúðvíksson var hetja KR-inga sem lögðu Valsmenn í jöfnum leik á Hlíðarenda í gær.

Magnús skoraði eina mark leiksins um miðjan síðari hálfleik eftir

skelfilega mistök í vörn Valsmanna. Valsarar áttu síst minna í leiknum en gekk illa að skapa sér opin færi og uppskárur eftir því. Sigurinn kom í þúsundasta leiknum hjá Vesturbæjarliðinu í efstu deild.

„Maggi laumaði sér fram og ég veit ekkert hvað hann var að gera þarna því það var aldrei lagt upp með það en hann er refur,” sagði Rúnar Kristinsson þjálfari KR. Þetta var fyrsti leikur Magnúsar í sumar en hann hafði setið á bekknum í fyrstu þremur leikjunum.

ÍBV og Fylkir áfram án sigurs

Eyjamenn og Fylkir skildu jöfn 1-1 í fjórðu umferð Pepsi-deildar karla í knattspyrnu í gær en leikurinn fór fram í miklu roki á Hásteinsvelli í Vestmannaeyjum. Bæði lið skoruðu sitthvort markið í fyrri hálfleiknum en í þeim síðari var það vindurinn sem lék stærsta hlutverkið. Bæði lið eiga því enn eftir vinna leik í sumar.

„Það eru gríðarleg vonbrigði að ná bara einu stigi í dag,” sagði Magnús Gylfason, þjálfari ÍBV, eftir leikinn í gær. „Við erum mjög ósáttir að vera bara með tvö stig eftir fjóra leiki, það er engu að leyna um það.“

- ój / gmi / ktd / re / sáþ



1-1

Hásteinsvöllur, áhorf.: 753 Örvar Sær Gíslason (8)

1-0 Víðir Þorvarðarson (13.), 1-1 Ásgeir Eypórsón (24.).

Skot (á mark): 9-10 (7-7)

Varin skot: Abel 6 - Bjarni Þórður 5

ÍBV (4-3-3): Abel Dhaira 6 - Arnór Eyvar Ólafsson 6, Brynjar Gauti Guðjónsson 5, Rasmus Christiansen 6 (72: Yngvi Magnús Borgþórsson -), Matt Garner 5 - George Baldock 5, Tonny Mawejje 5 (60: Jake Gallagher 3), Aaron Spear 6 - Ian Jeffs 6, Christian Steen Olsen 6, *Víðir Þorvarðarson 7.

FYLKIR (4-5-1): Bjarni Þórður Halldórsson 6 - Andri Þór Jónsson 5, Hjörtur Hermannsson 6, David Elebert 5, Ásgeir Eypórsón 7 - Finnur Ólafsson 6 (58: Árni Freyr Guðnason 5), Davíð Þór Ásbjörnsson 5 (83: Ásgeir Börkur Ásgeirsson -), Ingimundur Niels Óskarsson 6, Oddur Ingi Guðmundsson 5, Tómas Þorsteinsson 6 - Magnús Þórir Matthíasson 5 (86: Ásgeir Örn Arnþórsson -). * MAÐUR LEIKSINS

ÚRSLIT

Pepsi-deild karla

ÍA	4	4	0	0	8-4	12
FH	4	3	1	0	6-1	10
KR	4	2	1	1	8-7	7
Valur	4	2	0	2	4-3	6
Stjarnan	3	1	2	0	5-4	5
Keflavík	4	1	1	2	7-5	4
Breiðablik	4	1	1	2	1-4	4
Fram	3	1	0	2	4-5	3
Fylkir	4	0	3	1	4-5	3
Selfoss	3	1	0	2	3-5	3
ÍBV	4	0	2	2	4-6	2
Grindavík	3	0	1	2	4-9	1

Pepsi-deild kvenna

KR - Þór/KA	0-1
0-1 Kayle Grimsley (58.)	
STAÐAN	
Þór/KA	2 2 0 0 4-1 6
FH	2 1 1 0 5-2 4
Breiðablik	2 1 1 0 4-1 4
Valur	2 1 0 1 6-5 3
Stjarnan	2 1 0 1 3-3 3
ÍBV	2 1 0 1 5-6 3
KR	2 0 1 1 3-4 1
Fylkir	2 0 1 1 1-3 1
Selfoss	2 0 1 1 4-7 1
Afturelding	2 0 1 1 1-4 1

1. deild karla

Víkingur - ÍR	1-0
1-0 Hjörtur Júlíus Hjartarson (89.)	
HÖTTUR - Haukar	0-0
Þór - Þróttur R.	3-1
1-0 Sveinn Elías Jónsson (9.), 1-1 Erlingur Jack Guðmundsson (21.), 2-1 Robin Strömberg (30.), 3-1 Orri Freyr Hjaltalín (89.)	
Leiknir R. - KA	1-3
1-0 Kjartan Andri Baldvínsson (10.), 1-1 Gunnar Valur Gunnarsson (29.), 1-2 Jóhann Helgason (49.), 1-3 Ávar Ingi Jóhannsson (90.)	
Tindastóll - Víkingur Ó.	0-1
0-1 Guðmundur Steinn Hafsteinnsson (27.)	
Fjölnir - BÍ/Bolungarvík	2-2
0-1 Pétur Georg Markan (41.), 0-2 Andri Rúnar Bjarnason (65.), 1-2 Viðar Ari Jónsson (79.), 2-2 Felix Hjálmarsson (82.)	
STAÐAN	
Þór	2 2 0 0 5-1 6
Höttur	2 1 1 0 3-1 4
Haukar	2 1 1 0 2-0 4
Víkingur Ó.	2 1 1 0 2-1 4
Víkingur R.	2 1 1 0 1-0 4
KA	2 1 0 1 5-4 3
ÍR	2 1 0 1 3-3 3
Fjölnir	2 0 2 0 3-3 2
BÍ/Bolungarvík	2 0 2 0 2-2 2
Tindastóll	2 0 0 2 0-3 0
Þróttur R.	2 0 0 2 2-6 0
Leiknir R.	2 0 0 2 1-5 0



Láttu draumagarðinn verða að veruleika
Pantaðu landslagsráðgjöf í dag!

Halla Hrund Pétursdóttir, landslagsarkitekt FÍLA, hjálpar þér við að skipuleggja draumagarðinn þinn.

Pantaðu tíma og fáðu nánari upplýsingar hjá söludeild Steypustöðvarinnar í síma

4 400 400

Hafðu samband og láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við að finna réttu lausnina.

CE Allar hellur Steypustöðvarinnar eru framleiddar samkvæmt viðurkenndum stöðlum.



STEYPUSTÖÐIN
Sterkari lausnir

Hringhelli 2
221 Hafnarfjörður

Hrísmýri 8
800 Selfoss

Malarhófa 10
110 Reykjavík

Berghólabraut 9
230 Reykjanesbær

Sími 4 400 400
www.steypustodin.is

Smári
leikur
VLADIMIR

HANNES ER
ESTRAGON



Dóri MANCK
ER
DORZO

NONNI BÖ
ER
LUCKY



Beđið eftir Godlot

AÐEINS 10 SÝNINGAR!

Lau 5/5	UPPSELT	Mið 23/5	UPPSELT
Lau 12/5	örfá sæti	Fim 24/5	örfá sæti
Sun 13/5	UPPSELT	Fös 1/6	örfá sæti
Lau 19/5	UPPSELT	Lau 2/6	
Sun 20/5	UPPSELT	Lau 9/6	

Tragikómédia í tveimur hlutum
eftir Samuel Beckett

Leikstjóri: Kristín Jóhannesdóttir. Leikmynda- og búningahöfundur: Helga I. Stefánsdóttir. Ljósahönnun: Kjartan Þórisson.
Þörupiltar eru andlega skyldir leikkonunum: Halldóru Geirharðsdóttur, Ólafíu Hrönn Jónsdóttur, Sólveigu Guðmundsdóttur og Alexíu Þjörg Jóhannesdóttur.
Styrkt af Menntamálaráðuneytinu.

RULE N° 6:
ICONS GET STRONGER WITH TIME.



TUDOR HERITAGE CHRONO
Self-winding mechanical movement
Bidirectional rotatable steel bezel
Sapphire crystal, screw-down crown
Waterproof to 150 m, steel case 42 mm

tudorwatch.com



TUDOR
WATCH YOUR STYLE



MICHELSEN

ÚRSMÍÐIR SÍÐAN 1909

Laugavegur 15 - 101 Reykjavík - 511 1900 - www.sviss.is

„Planið er að verða algjör grillmeistari í sumar. Það er í vinnslu en mér finnst ekkert betra en góð, og lítið grilluð, nautalund með humar í forrétt. Annars mæli ég með Mexíkólegnum svínakótelettum, þær svíkja engan.“



Haukur Harðarson, íþróttafréttamaður

Eftirspurnin eykst á degi hverjum

„Þetta er gott starf og það er sérstaklega gaman að fá tækifæri til að þróa eitthvað nýtt. Það verður einhæft að gera alltaf það sama og því er nauðsynlegt að halda sér í æfingu,“ segir Baldur Kárason, bruggmeistari hjá Einstöku Ölgerð, sem er sérbruggaður bjór hjá Vífilfelli á Akureyri. Bjórinn frá Ölgerðinni hefur slegið í gegn og sala hans aukist hratt.

Vörumerkið Einstök Ölgerð er í eigu Bernard La Borie sem kom hingað til lands í þeim erindagjörðum að finna heimsins besta vatn til útflutnings. Ekkert varð úr þeim áformum en þess í stað

ákvað hann að beina kröftunum í þróun og framleiðslu á sérbrugguðum bjór úr íslensku vatni.

„Ég hafði lengi unnið í víniðnaðinum og þekkti bransann því vel. Ég tók eftir því að aukning hafði orðið í framleiðslu og sölu á sérbrugguðum bjór, svokölluðum „craft beer“, og að það væri kjörin aðstaða fyrir slíka framleiðslu hér á Íslandi vegna vatnsins ykkar,“ útskýrir La Borie. Eftir nokkra þróunarvinnu hófst sala á afurðum Einstöku Ölgerðarinnar síðasta haust og fást þær nú í Bretlandi, Írlandi, Kaliforníu og bráðlega einnig í Rússlandi og

eykst eftirspurnin dag frá degi. La Borie segir velgengnina ekki koma sér á óvart, enda hafi hann fulla trú á vörunni, en að hann hafi ekki búist við slíkum uppgangi á svo skömmum tíma.

Bruggmeistarinn Baldur tekur í sama streng og segir ánægjulegt hversu góðar viðtökurnar hafa verið. Þegar hann er inntur eftir því hvort búast megi við fleiri bjórtegundum frá Einstöku Ölgerðinni vill hann þó segja sem minnst. „Ætli maður geti ekki sagt að það sé ýmislegt í gerinu hjá okkur.“

-sm



HRÖÐ ÞRÓUN Bernard La Borie er einn af eigendum Einstakrar Ölgerðar. Bjórinn fæst nú í þremur löndum og eykst eftirspurnin á degi hverjum.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

TILBOÐ!

SÓLARHRINGSTILBOÐ - HEFST Á HÁDEGI



Köln

Verð frá:

14.900 kr.

Aðra leið með sköttum og öðrum greiðslum

Ferðatímabil: 5. júní-7. júlí 2012

Iceland Express

-lækkar verð

Ármúla 7 | 108 Reykjavík | 5 500 600 | www.icelandexpress.is

FRÉTTIR

VIÐSKIPTI

ÍPRÓTTIR

LÍFIÐ

UMRÆÐAN

STÓRLAXARNIR ERU Á VEIÐIVÍSI

Á Veiðivísi, nýjum veiðivef Vísis, getur þú nálgast helstu fréttir, ítarlega umfjöllun og gagnlegar upplýsingar um veiði, hvort heldur sem er stangveiði eða skotveiði. Fylgstu með í sumar og nýttu þér allt sem Vísir hefur upp á að bjóða.



Meira sjónvarp, meira útvarp, meiri fréttir, meiri upplýsingar, meiri umræða, meira líf,



meiri íþróttir, meiri virkni, meira úrval.

Þú færð meira af öllu á vísi.

Meiri Vísir.

VÍSIR

KARL GARÐARSSON: DÆMI UM FYRIRTÆKI SEM VAR BÚIÐ TIL ÚR ENGU

Í útrás með samfestinga eftir auglýsingu á Facebook

„Það er óhætt að segja að samfestingurinn sé kominn í útrás. Þetta hefur gengið mjög vel,“ segir Karl Garðarsson eigandi fyrirtækisins Weezo sem selur samfestinga fyrir fullorðna.

Gallarnir hafa notið mikilla vinsælda hér á landi en Karl hefur selt um 3.000 stykki síðan síðasta sumar. Í mars keypti Karl auglýsingar fyrir Weezo-samfestingana á Facebook í Danmörku og viðtökurnar hafa ekki látið á sér standa.

„Nú höfum við selt milli 7-800 galla til útlanda og eru Danirnir okkar helstu kunnar. Það er miklu meira en við bjuggumst við og sýnir bara mátt samskiptasíðunnar og netsins,“ segir Karl en samfestingarnir fást einungis í vefversluninni Weezo.is.

„Ástæðan fyrir að okkar gallar eru vinsælir er að við erum að selja þá á betra verði en er annars staðar. Okkar samfestingar eru frá 12 þúsund krónum en ég veit til þess að búðir úti eru að selja alveg eins galla á 30-35 þúsund krónur. Svo það borgar sig fyrir Danina að versla við okkur þrátt fyrir tolla og sendingarkostnað.“

Bómullarsamfestingurinn með hettu hefur verið vinsæll hjá frændum okkar í Skandinavíu um nokkurt skeið en það var síðasta sumar sem Íslendingar tóku við sér. Gallarnir eru framleiddir fyrir Karl í Kína.

„Við sjáum greinilegt sölu- munstur milli bæja úti á landi og ég held að við höfum selt fleiri samfestinga til Neskaupstaðar en fjöldi íbúa er þar. Nú eru Vestmannaeyjar að taka við sér en við höfum selt minnst til höfuðborgarsvæðisins. Ætli tískan sé ekki misjöfn milli landshluta?“

Fyrirtækið var stofnað síðasta sumar og óhætt er að segja að Karl hafi hitt naglann á höfuðið með því að hefja sölu samfestinganna. Nú veltir litla fyrirtækið hans tugum



BINGÓ! Karl Garðarsson framleiðir samfestinga sem eru ekki einungis vinsælir meðal Íslendinga því hann hefur nú selt milli 7-800 stykki til Danmerkur.

FRÉTTABLAÐIÐ/HAG

milljóna króna og reksturinn er orðinn fullt starf hjá Karli. „Þetta er dæmi um fyrirtæki sem var búið til úr engu. Við Íslendingar höfum verið lengi að kveikja á mætti netsins en þar þarf maður ekki að hafa mikið milli hand-

ana til að stofna fyrirtæki,“ segir Karl sem nú þegar er byrjaður að undirbúa stækkun merkisins. „Við stoppum ekki núna og ætlum að framleiða fleiri vörur í ætt við samfestingana innan skamms.“

alfrun@frettabladid.is

Nasatónleikar GusGus á DVD

„Okkur þótti viðeigandi að skrásetja þessa tónleika og gefa út fyrir addáendur okkar til að eiga,“ segir Birgir Þórarinnsson, betur þekktur sem Biggi veira, meðlimur sveitarinnar GusGus sem tók upp tónleika sína á Nasa um síðustu helgi.

Tónleikarnir koma svo út á DVD-diski með haustinu í takmörkuðu upplagi. GusGus, sem telur einnig Urði Hákonardóttur, Daníel Ágúst Haraldsson, Stephan Stephansen og Högna Egilsson sem meðlimi, hefur verið ein vinsælasta tónleikasveit síðari ára. Birgir segir þau lengi hafa viljað festa tónleika sína á filmu og fundist það kjörið tækifæri núna.

„Þessir tónleikar marka ákveðin tímamót fyrir okkur þar sem þetta voru síðustu tónleikar okkar á skemmtistaðnum Nasa. Það má segja að sveitin hafi orðið til í núverandi mynd á Nasa á sínum tíma. Ég á ekki von á því að við spilum aftur í Reykjavík á árinu,“ segir Birgir og spurður af hverju svarar hann: „Það er enginn staður fyrir sveit eins og okkur núna. Við höfum spilað á mörgum ógleymanlegum tónleikum þar í gegnum tíðina og mér fannst mjög sorglegt að koma fram á Nasa í seinasta sinn um síðustu helgi.“

Tónleikarnir voru vel heppnaðir og fullt hús eins



FESTIR Á FILMU Seinustu tónleikar GusGus á Nasa um síðustu helgi koma út á DVD-diski með haustinu.

FRÉTTABLAÐIÐ/ELÍAS PÉTURSSON

og venja er hjá sveitinni. Arabian Horse var ein vinsælasta plata seinasta árs en Birgir segir þau nú fara að vinna í nýju efni. „Við förum að snúa okkur að öðru. Þetta voru mjög skemmtilegir tónleikar og gaman að eiga þá á filmu.“

-áp

www.dominos.is sími 58·12345



MEGAVIKA

ALLAR MATSEÐILS PIZZUR Á

1.390 KR.

Allar pizzur af matseðli ef þú sækir.
Vikuna 21.-27. maí 2012



Fyrstu 1.000 pöntunum dagsins fylgir miði eða varningur tengdur stórmyndinni Snow White and the Huntsman.

FRÉTTIR AF FÓLKI

Fréttahaukur í New York

Blaðamaðurinn **Eiríkur Jónsson** opnaði nýlega vefsíðuna Eiríkurjónsson.is. Þar birtir hann örfréttir sem eru oftast en ekki skreyttar með símamyndum sem hann tekur sjálfur. Hann skrifar einn á síðuna og efnistökin litast óneitanlega af því. Eiríkur er nú staddur í New York og vefurinn sefur að sjálfsgöngu ekki á meðan. Hann birtir nefnilega reglulegar fréttir úr stóra eplinu en honum hefur tekist nokkuð vel að fanga fjölbreytt mannlífið með símamyndavélina að vopni.



Gleði hjá grínistum

Kátt á hjalla var á heimili fjölmiðlamannsins og grínistans Auðuns Blöndal á laugardagskvöldið þegar hann hélt þar veislu til að fagna sumarkomunni. Gestgjafi og gestir, meðal annarra nokkrir af vinsælustu skemmtikröftum þjóðarinnar, klæddu sig upp sem persónur úr kvikmyndum og höfðu gaman af. Sjálfur brá Auði sér í gervi fréttapularins Rons Burgundy úr Anchorman, Björn Bragi Arnarsson hermdi eftir Tom Cruise í eitis-unglingamyndinni All The Right Moves, Anna Svava Knútsdóttir eftir Darryl Hannah í Kill Bill og Hugi Halldórsson, sjálfur Ofur-Hugi, var Jókerinn úr Batman. Meðal annarra gesta



voru Sverrir Bergmann, sem var Kalli úr Sælgættisgerðinni, fatakönnuðurinn Marín Manda Magnúsdóttir, sem var Kleópatra, og sparksérfræðingurinn Hjörvar Hafliðason sem maetti seint og búningslaus.

- afb / kg

Mest lesið **VÍSIR**

- Öflugur jarðskjálfti á Ítalíu - sex látnir
- Sjúkir ítrekað ólaðir niður
- Steingrími var boðið að gerast fjármálastjóri Grikklands
- Manni hent fram af svölum í Kópavogi
- Á gjörgæslu eftir alvarlega líkamsárás



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vísir þú að...
Foreldrum og
yfirvöldum
ber að tryggja
öryggi
barna

rekkjan